



Bls. 6



Pólverjar troðfylltu sal Eflingar

Bls. 26



Útlendingar oftar hlunnfarnir

Bls. 30



Ætlar þú að stofna fjölskyldu?



Sælkerakaffi

Fyrir sækera eins og þig

Rúbín
kaffi



**Útgefandi:**Efling-stéttarfélag
Sættúni 1**Ábyrgðarmaður**

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

RitstjórnGuðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir**Starfsmenn á skrifstofu**Anna Lilja Sigurðardóttir
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir
Elin Baldursdóttir
Fjóla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarsdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sveinn Ingvarsson
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta**Björk Stefánsdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjósson**Starfsafl**

Sveinn Aðalsteinsson

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðuIngibjörg Jóna Sigurðardóttir
kaffibarbjónn**Aðsetur**Efling-stéttarfélag, Sættún 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin á sumartíma frá öðrum mánudegi í maímánuði ár hvert kl. 08.30 – 16.00 á vetrartíma frá öðrum mánudegi í september frá kl. 08.30 – 16.30. Alla föstudaga er skrifstofa lokað kl. 16.00

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Lýst eftir stefnu stjórnvalda

Á árinu 2000 voru um 5% félagsmanna Eflingar-stéttarfélags af erlendum uppruna. Frá þessum tíma hefur fjöldi erlendra starfsmanna meira en fjórfaldast og er hlutfallið nú komið yfir 20%. Þessi mikla fjölgun erlendra félagsmanna hefur kallað á ýmsar nýjungar í starfi Eflingar. Félagið hefur öll þessi ár lagt mikla áherslu

á íslenskukennslu. Verkefni sem tengjast aðlögun, námi og atvinnuþátttöku eru mjög mikilvæg í þessu sambandi og þar má nefna verkefnið Framtíð í nýju landi með ungum vietnöum. Allar heimsins konur er annað mikilvægt verkefni og svo má lengi telja. Einnig hefur fjölgun erlendra félagsmanna kallað á fjölbreyttari þjónustu og tungumálakunnáttu. Æ oftast eru túlkar kallaðir til til að geta veitt félagsmönnum sem bestar upplýsingar. Starfsmenn og stjórnendur Eflingar hafa einnig kynnt sér það besta erlendis og nýtt þá reynslu til að gera enn betur í þjónustu og verkefnum fyrir félagsmennina

Þessi þróun hefur einnig kallað á margskonar þýðingar á upplýsingum á fleiri tungumál til að koma til móts við félagsmennina.

Hópum hefur verið boðið að koma á fundi hjá Eflingu-stéttarfélagi til að fá grunnupplýsingar á móðurmáli sínu. Þetta hefur gerst með morgunverðarfundum fyrir erlenda starfsmenn. Einnig er nú í gangi fundaherferð með erlendum starfsmönnum á kvöldin. Fyrsti hópurinn sem varð fyrir valinu eru Pólverjar enda eru þeir fjölmennastir. Þessir fundir hafa sýnt að þörfin er mjög mikil. Verða starfsmenn félagsins varir við þakklæti fyrir þetta mikilvæga frumkvæði.

En hvar eru stjórnvöld stödd í þessum málaflokki? Efling-stéttarfélag hefur varað við því tómlæti og frumkvæðisleysi sem einkennt hefur þátt stjórnvalda í málinu. Stjórnvöld opnuðu fyrir frjálst flæði 1. maí og Efling-stéttarfélag varaði við óvönduðum undirbúningi þess máls á Alþingi í vor. Nú virðist fyrst eftir umræður síðustu daga vera að renna upp ljós fyrir stjórnvöldum. Þau virðast hafa áttað sig á að gríðalegur fjöldi erlendra nýbúa á Íslandi kallar á mikla vinnu í stefnumörkun í málefnum innflytjenda og markviss vinnubrögð. Æ ofan í æ sjáum við að fólk fær ekki nægar upplýsingar um réttarstöðu sína með tilliti til margra samfélagslegra þátta. Lengi hefur verið vitað að erlendir starfsmenn fá allt of fáar kennslustundir í íslensku til að geta staðið sæmilega vel að vígi í starfi og öðrum verkefnum hér innanlands.

Nú stendur til að bæta úr þessu á næstu árum. Mikilvægt er að vel takist til. Það eru hinsvegar þó nokkur fjöldi starfsmanna sem hefur stöðupróf í íslensku en getur lítið sem ekkert tjáð sig á íslensku. Þessum hópi þarf að hjálpa því einangrun einstaklinga á vinnustöðum stafar oftast af tungumálavanda. Íslenska þarf að standa öllum til boða og það þarf að vera skylda að sækja slíkt nám að teknu tilliti til þess hve lengi þeir hyggjast vera hér. Höfuðatriði er að kostnaður sem þeir bera sjálfir verði í algeru lágmarki. Þjóðir með langa reynslu af málefnum innflytjenda vita að málakunnáttan í nýja landinu og upplýsingar skipta sköpum við aðlögun fólks í nýju landi.

Efling stéttarfélag hefur svo sannarlega lagt sitt af mörkum en lýsir eftir stefnu stjórnvalda í málefnum erlendra starfsmanna á Íslandi.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
1. varaformaður Eflingar

EFNISYFIRLIT

Betri fjárhagsstaða	4	Sexfaldur reikningur	26
Pólverjar fylltu sali	6	Ætlar þú að stofna fjölskyldu	30
Merkisatburðir í fjölskyldu	12	Gaman að kenna hjá Eflingu	32
Efling á Íslandsbryggju	14	Meiraprófið	35
Spennandi verkefni	18	Þótti hafa munninn fyrir neðan nefið	38
Sýnilegur árangur á Ínlandi	20	Skerpt á reglum	40
Glæsilegur árangur	22	Ómarktækur ráðherra	43
Gaf okkur tækifæri	23	Félagsliðanám fyrir erlenda starfsmenn	44
Leysum ágreining strax	24	Ísfugl	48
Kraftur í trúnaðarmönnum	25	Tilbúinn í slaginn	58



Niðurstöður úr nýrri viðhorfsskönnun

Betri fjárhagsstaða nú en fyrir 3 árum

Capacent Gallup vann í septembermánuði viðhorfsskönnun meðal félagsmanna Eflingar og annarra aðildarféлага innan Starfsgreinasambandsins. Þetta er í fimmta sinn sem samsvarandi könnun hefur verið gerð frá 2002 fyrir Eflingu, Hlíf og VSKF í Keflavík. Það eru athyglisverðar upplýsingar sem liggja fyrir í könnuninni og mun Fréttablað Eflingar greina frá nokkrum atriðum hér, en vísað er til heimasíðu félagsins um frekari upplýsingar.

Langur vinnutími

Meðalvinnustundir eru tæplega 50 stundir á viku hjá þeim sem vinna fullt starf eða 53,4 stundir hjá körlum og 44,2 stundir hjá konum.

Meðalfirvinnustundir eru 9,5 stundir á viku eða 12,2 stundir hjá körlum og 5,2 stundir hjá konum. Sé þetta greint eftir störfum, þá eru meðalfirvinnutími tækjamaða og bílstjóra yfir 17 stundir á viku.

Þá kom fram að tæp 19% félagsmanna höfðu ekkert frí tekið það sem af er þessu ári.

Betri fjárhagsstaða nú en fyrir þremur árum

Meðalheildarlaun þeirra sem eru í fullu starfi eru nú 245 þúsund kr. eða 272 þúsund hjá körlum og 195 þúsund hjá konum. Meðaldagvinnulaun karla í fullu starfi eru nú 177 þúsund kr. og

hjá konum eru þau 166 þúsund. Þá kemur í ljós að meðaldagvinnulaun fyrir fullt starf í umönnun vermir enn neðsta sætið með 156 þúsund kr. á mánuði en hefur þó tekið verulegt stökk frá því í mars 2005 þegar meðaldagvinnulaun í umönnun voru 126 þúsund kr. á mánuði.

Yfir 60% félagsmanna telur að fjárhagsstaða þeirra sé betri nú en fyrir þremur árum og er hlutfallið ívið hærra hjá körlum en konum eða 66%.

Mun fleiri karlar en konur hafa óskað eftir launahækkunum umfram samningsbundnar hækkanir, eða 35% karla á

móti 22% kvenna.

Hverjir sækja helst námskeið ?

Félagsmenn sem starfa við umönnun þekkja best rétt sinn til að sækja námskeið og eru jafnframt duglegastir að nýta sér þau réttindi. Þá eru mun fleiri konur en karlar sem sækja námskeið.

Nýjar sjúkrasjóðsreglur

Tæp 63% félagsmanna eru ánægðir með nýjar reglur sjúkrasjóðs, en helsta breytingin er að upphæð greiðslna úr sjúkrasjóði eru nú reiknaðar sem hlutfall að launum, þ.e. tekjutenging.


Neytendamál og fleira

Konur eru mun duglegri en karlar að fylgjast með tilboðum matvöruverslana á nauðsynjavörum en yfir 65% karla segist ekki fylgjast með tilboðum og tæp 38% kvenna. Þá er athyglisvert að sjá að þeir sem starfa við umönnun segjast fylgjast vel með tilboðum matvöruverslana eða um 50%, en einungis 35% svara þessu til þegar hópurinn er skoðaður í heild sinni.

Þegar spurt var um sjónvarpsáhorf kom í ljós að flestir horfa á Ríkissjónvarpið, en það var helst yngsti aldershópurinn sem horfir á Sirkus.

37,3% félagsmanna höfðu á síðustu tveimur árum leitað eftir tilboði í tryggingar og var þetta hlutfall hærra hjá þeim sem höfðu heildartekjur yfir 250 þúsund kr. á mánuði eða 46%.

Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar í heild sinni á heimasíðu félagsins: www.efling.is



Samkvæmt Gallup voru meðalvinnustundir fyrir fullt starf var 49,9 stundir

OSCAR

TÍMI TIL AÐ NJÓTA



Æða

• k r a f t u r •

Nautakraftur • Grænmetiskraftur • Kjúklingakraftur
Lambakraftur • Fiskikraftur • Svínakraftur
Kálfakraftur • Andakraftur • Villibráðakraftur



Fjóra Jónsdóttir

Kynningarfundur á pólsku

Pólverjar **troðfylltu** sali Eflingar

Mikil þörf fyrir svona fundi - segir Fjóra Jónsdóttir

Fræðslusalir Eflingar íðuðu af lífi kvöld eitt í byrjun nóvember þegar Pólverjar fylltu sali Eflingar á fjórðu hæð Sætúns 1. Alls mættu um 60 manns á fund sem boðaður var og stóðu umræður fram á kvöld en markmiðið með fundinum var að kynna pólskum starfsmönnum í byggingargeiranum helstu atriði í launakjörum og réttindamálum á þessu sviði kjarasamninga. Þessi fyrsti fundur með pólverjum tókst mjög vel að sögn Fjólu Jónsdóttur sem fer með málefni útlendinga á skrifstofu Eflingar. Það er alveg ljóst að það er mikil þörf fyrir fundi af þessu tagi hjá okkur og þetta er bara byrjunin, segir Fjóra.

Í störfum tengdum byggingargeiranum eru yfir 500 Pólverjar innan Eflingar og samtals voru Pólverjar um 1250 í júlí s.l..

Fyrsti kynningarfundur hjá Eflingu var 1. nóvember s.l. fyrir erlenda félagsmenn af pólsku þjóðerni. Um 80 manns fengu fundarboð á fyrsta fundinn. Kynnt voru helstu atriði kjarasamninga, starfsemi félagsins og sú þjónusta sem er í

boði ásamt sjóðum félagsins með aðstoð þriggja tülka. Haldnir hafa verið fleiri fundir með pólverjum síðar. Félagsmenn eru boðaðir sérstaklega á þessa fundi.

Mæting á fundinn var mjög góð og greinilegt var að þetta spurðist út því fleiri komu en búist hafði verið við

Ljóst er að töluverður skortur er á upplýsingum til erlendra starfsmanna er koma hingað. Mikið var spurt m.a. um tryggingakerfið, evrópska trygginakortið, atvinnu og dvalarleyfi, lífeyrissjóðakerfið auk spurninga um ýmis réttindamál.

Starfsmenn Eflingar

Pólska á örnámskeiði

Starfsmönnum Eflingar-stéttarfélags var boðið upp á örnámskeið í pólsku í viku símenntunar. Peter Vosicky frá Mími-símenntun sem er þaulreyndur kennari í pólsku kom til fundar við starfsmenn og leiddi þá fyrstu skrefin í pólska stafrófinu auk þess sem hann fór yfir nokkur helstu orð vinnumarkaðar á pólsku.

Þetta var skemmtileg og óvenjuleg kennslustund og var góður rómur

gerður að þessu framtaki hjá starfsmönnum. Skemmtilegt og fróðlegt að fá innsýn í pólsku og verður það væntanlega hvati að því að nokkrir starfsmenn hyggjast fara á námsskeið í framhaldinu í pólsku.

Ja precuje w hotelu –gdzie pracujese? Pozdrawiam- Dziekuje przekaze.

Ég vinn á hóteli - hvar vinnur þú?

Ég bið að heilsa - ég skila því.

ÖRYGGI Á ÖLLUM EGO STÖÐVUM Í VETUR!



EGO býður viðskiptavinum sínum ekki aðeins ódýrt eldsneyti, heldur líka aukið öryggi með nýjum rúðuvökvaðælum og nýjum loftjöfnunarbúnaði á öllum stöðvum. Það kemur sér vel í vetrarfærðinni.

Nýi búnaðurinn auðveldar þér að fylgjast með loftþrýstingi, fínstillast hann og jafna með það að markmiði að ökutækið sé sem best búið undir akstur við misjafnar aðstæður og ójafn þrýstingur valdi ekki óþarfa eyðslu. Þannig getur þú bæði sparað eldsneyti og aukið öryggi þitt og farþeganna.

Þín er ábyrgðin – þinn er ávinningurinn!

ALLT AÐ
10%
SPARNAÐUR

Viðurkenning Orkuseturs

EGO fær sérstaka viðurkenningu fyrir tölvustýrða mælingu og loftjöfnun á hjólbörðum á öllum stöðvum.

Reynslan sýnir að réttur loftþrýstingur getur sparað eldsneytisnotkun um allt að 10% auk þess að auka öryggi í umferð.

Sigurður Ingi Friðleifsson,
framkvæmdarstjóri Orkuseturs.



Upplýsingasskjár sem sýnir valinn og mældan loftþrýsting í pundum

Loftþrýstingur ákveðinn með stjórnstökkum.
ATH. Velja skal loftþrýsting sem framleiðandi bifreiðar mælir með.



Orkusetur



Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

Spotkanie informacyjne po polsku

Jedna z sal Eflingu wypełniona Polakami

Takie zebrania są bardzo potrzebne – mówi Fjóla Jónsdóttir

1-go listopada sale szkoleniowe Eflingu zatłoczyły Polacy. Polacy licznie stawili się na zebranie, które odbyło się w jednym z pomieszczeń Eflingu, na czwartym piętrze przy ul. Sættún 1.

W sumie w zebraniu wzięło udział 60 osób. Dyskusje trwały do późno wieczora. Głównym celem zebrania było przedstawienie polskim pracownikom branży budowlanej najważniejszych punktów umów zbiorowych, dotyczących pracowniczych wynagrodzeń i praw.

Według słów Fjóli Jónsdóttir, która w Eflingu zajmuje się sprawami obcokrajowców, to pierwsze zebranie powiodło się.

Jasne jest, że zapotrzebowanie na tego typu zebrania u nas jest bardzo duże. To był dopiero początek – mówi Fjóla.

Na stanowiskach pracy związanych z branżą budowlaną pracuje ponad 500



Polaków, którzy należą do Związków Zawodowych Eflingu. W sumie do Eflingu należą 1250 osób polskiego pochodzenia (wg. danych z lipca tego roku).

Pierwszego listopada odbyło się pierwsze zebranie informacyjne dla osób polskiego pochodzenia. Rozesłane zostało około 80 zaproszeń. Przy pomocy trzech tłumaczy na zebraniu zostały przedstawione najważniejsze punkty umów pracowniczych, zakres działalności związków i ich funduszy, a także oferowane przez nie usługi.

Planowana jest organizacja większej liczby spotkań tego typu (w języku polskim i nie tylko). Członkowie Eflingu

otrzymują także specjalne zaproszenia na te spotkania.

Frekwencja na zebraniu była wysoka. Wzięło w nim udział więcej osób niż się spodziewano.

Wiadomo, że braki są dotyczące chociażby dostępu do informacji dla pracowników obcego pochodzenia, którzy tutaj przebywają. Na zebraniu padło dużo pytań na temat systemu ubezpieczeń, europejskiej karty ubezpieczenia zdrowotnego, pozwoleń na pracę i na pobyt, systemu emerytalnego i oczywiście na temat praw pracowników.

Krzysztof Garbacz

Mjög ánægður með upplýsingarnar



Einn af þeim fjölmörgu pólsku starfsmönnum sem mætti á fund til Eflingar til að kynna sér réttindi sín og launamál er Krzysztof Garbacz. Hann kom til Íslands um miðjan febrúar sl. og fékk vinnu hjá byggingafyrirtæki í Reykjavík í gegnum starfsmannaleigu í Pólandi. Krzysztof segist vera ánægður með vinnuna og honum finnst miklu meira farið eftir reglum hér heldur en hjá svipuðum fyrirtækjum í Pólandi. Ég hef allavega ekki lent í neinum erfiðleikum hingað til, segir hann.

Krzysztof segir líka að mörgum spurningum hafi verið svarað á fundinum og hann sé viss um að landar hans hafi verið mun fróðari um réttindi og skyldur sínar þegar þeir yfirgáfu fundinn.

Ég er allavega mjög ánægður með þær upplýsingar sem ég hef fengið hér hjá Eflingu á þessum fundi í kvöld, sagði Krzysztof að lokum.



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á Netinu:

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

Láttu drauminn rætast – rafrænt

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið og fengið aðstoð hjá ráðgjöfum okkar eða haft samband á Netinu.

Sækja um lán

Pegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á **ils.is**.

Fasteignasaliinn aðstoðar þig síðan við að setja kautilboðið rafrænt inn í umsóknina á Netinu.

Við svörum þér innan fjögurra daga.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla


Íbúðalánasjóður



Erlendir starfsmenn yfir 20% í Eflingu

Pólverjum fjölga hratt á undanförunum mánuðum

Frá árinu 2000 hefur hlutfall erlendra starfsmanna í Eflingu fjölgað úr 5% í yfir 20%. Langmesta aukningin hefur verið nú á undanförunum mánuðum og eru Pólverjar þar fjölmennastir eða yfir 1200 manns. Erlendir félagsmenn Eflingar eru nú um 4000.

hefur komið í ljós að með auknum fjölda erlendra starfsmanna hefur samhlíða orðið töluverð aukning erlendra barna í leik- og grunnskólum landsins.

Þá er kynjaskiptingin frábrugðnari

hjá erlenda hópnum, en þar er fjöldi karla um 60% og konur eru um 40%. Meðal félagsmanna Eflingar almennt er skipting eftir kyni þannig að konur eru 55% og karlar 45%.


Flestir starfa við ræstingar og í byggingarvinnu

Það kemur ekki á óvart að flestir erlendir starfsmenn eru í ræstingastörfum og byggingastörfum. Þó hefur þessi hópur í auknum mæli sótt inn á fleiri iðnaðarstörf, störf í veitingahúsum og eins umönnunarstörf.

Skipting eftir aldri og kyni

Þegar aldurskipting á starfsfólki er skoðuð, kemur í ljós að hún er talsvert frábrugðin aldurskiptingu almennt hjá félagsmönnum Eflingar. 70% erlendra félagsmanna eru milli 20 og 40 ára eða á hefðbundnum barnseignaraldri. Enda

Samanburður á aldurskiptingu heildarfjölda og erlendra starfsmanna



Taktu flugið

Við Sundin Blá

FRÁ

5.990

* EYDDU
TÍMANUM
VEL

→ REYKJAVÍK

Bókaðu bílinn um leið

Bíla-leigubíll
í heilan
sólarkring



frá **2.499 kr.**

þegar framvísað er brottfararspjaldi
frá Flugfélagi Íslands.

Innifalið:
100 km og
kaskó.

Hertz

TÍMINN FLÝCUR

Flugfélag Íslands flýgur yfir
100 ferðir í viku til áfangastaða
sinna. Þú nýtur þess að lesa
dagblöðin, fá þér kaffi og
súkkulaði og áður en þú veist
af er lent á áfangastað.

Ferðin tekur enga stund.
Taktu flugið.

Þantaðu í síma **570 3030**
eða á www.flugfelag.is

→ flugfelag.is

Vestmannaeyjar

Egilsstaðir

Ísafjörður

Akureyri



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

* Flugvallarskattar innifaldir. Eingöngu bókanlegt á netinu. Takmarkaður sætafjöldi.



Stórglæsilegt Skarð í vetrarbúningi



Sveinn Ingvason

Skemmtilegt í Skarði!

Kjörið tækifæri fyrir merkis- atburði í fjölskyldunni

- segir Sveinn Ingvason

Umfangsmiklar endurbætur hafa farið fram á íbúðarhúsinu í Svignaskarði undanfarin misseri. Að sögn Sveins Ingvasonar, sviðsstjóra orlofs-sviðs Eflingar er þeim lokið og húsið komið í útleigu. Skarð var hús ábúandans á landinu meðan búskapur var þar stundaður. Húsið stendur sunnan Þjóðvegarins gegnt orlofsbyggðinni í Svignaskarði og blasir við frá veginum. Hér er kjörið tækifæri fyrir fjölskyldufólk að nýta þetta hús fyrir ýmsa merkisviðburði í fjölskyldunni, segir hann.

Ákveðið hefur verið að gefa húsinu nafnið Skarð en það hefur jafnan gengið undir því nafni manna á meðal í sveitinni. Það hefur semsagt verið tekið í notkun nú en húsið og allt innanstokks er með allra glæsilegasta móti og mjög rúmgott.

Gistirými er þar fyrir 10-12 manns í fimm svefnherbergjum og er það vel búið öllum þægindum.

Húsið er hugsað sem kjörið tækifæri fyrir félagsmenn sem vilja halda lítill fjölskyldumót, stórafmæli sín eða jafnvel lítill og skemmtileg brúðkaup.

Munu þeir félagsmenn ganga fyrir með leigu á húsinu ef um slík tilefni er að ræða.

Útsýni frá húsinu er stórkostlegt og varla hægt að ímynda sér neitt yndisleggra á köldu vetrarkvöldi en að sitja í heitum potti eftir góða grillsteik og horfa á stjörnur og norðurljós!

Þeir sem áhuga hafa á að panta húsið þurfa að fylla út sérstakt eyðublað sem hægt er að nálgast á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1.



Nýjar reglur um úthlutun

Hvammur og Skarði



Nú hefur verið ákveðið að gera tímabundna tilraun með breytt fyrirkomulag á útleigu húsanna í Skarði í Borgarfirði og Hvammi í Skorradal.

Oft koma fram óskir frá félagsmönnum um að fá stærri orlofshúsin leigð vegna viðburða í fjölskyldum þeirra, t.d. stórafmæla eða annarra sambærilegra atburða.

Þessi tilraun felst í því að gefa félagsmönnum ákveðinn forgang vegna viðburða eða tímamóta í lífi þeirra og verður lagt mat á umsóknir í hverju tilviki fyrir sig.

Hægt er að sækja um leigu á Hvammi og Skarði eitt ár fram í tímann og sækja þarf um á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á skrifstofu Efl-

ingar, Sætúni 1.

Þrátt fyrir þennan forgang geta allir félagsmenn sótt um þegar mánuður er til leigutímans, það er ef laust er mánuður fram í tímann, þá þarf ekki að sækja um skriflega heldur nægir að hringja á skrifstofu og panta ef eitthvað er laust.

Síminn er eins og áður 510 7500.



Hvammur

Lokað vegna framkvæmda

Undanfarið hefur farið fram tilraunadæling úr heitavatsborholu sem Efling á í landi félagsins í Hvammi í Skorradal. Tilgangur þess er að undirbúa lagningu

hitaveitu í húsið ef hagkvæmt reynist og niðursetningu á heitum potti á staðnum.

Hvammur hefur þar af leiðandi verið

lokaður undanfarið og verður áfram um óákveðinn tíma vegna þessara framkvæmda.

Garðurinn við Hans Hedtoftsgade er barnvænn og notalegur



Útrásin heldur áfram með þriðju íbúðinni í Köben

Efling á Íslandsbryggju!

Eftir að Efling tók ákvörðun um að leigja íbúð í Kaupmannahöfn á miðju ári 2005 má svo sannarlega segja að hlutirnir hafi þróast hratt. Ótrúlega jákvæði viðbrögð voru strax við þessu framtaki, svo mikil að ljóst var að ein íbúð dygði engan veginn. Fljótlega var bætt við annarri og enn jókst eftirspurnin og þrýstingurinn á að halda þessari útrás áfram. Það leiddi svo til þess að leigð var þriðja íbúðin nú á haustdögum.

Markmiðið var frá upphafi að vera í göngufæri við miðbæinn og aðeins kæmi til greina að taka vel búnað og góðar íbúðir á leigu. Ekki er ofsögum sagt að heppnin hafi verið með félagsmönnum Eflingar. Allar eru íbúðirnar stórglæsilegar og frábærlega staðsettar.

Þriðja og nýjasta íbúðin okkar í Kaupmannahöfn er þar engin undantekning. Hún er í nýju húsi með frábærum garði og umhverfi. Ekki spillir fyrir að hún er á Íslandsbryggju en þar lögðu kaupskipin sem sigldu milli Danmerkur og Íslands upp áður fyrr.

Sérkennilegt og skemmtilegt er að ganga um götur þarna því þær bera nær allar íslensk nöfn. Nefna má Sturlugötu, Snorrargötu, Njálsgötu og Reykjavíkur-

götu svo einhverjar séu nefndar. Aðeins er um 15 mínútna gangur að Ráðhústorginu, Tívolí og Stríkinu.

Í íbúðinni geta dvalið með góðu móti allt að 7 manns og er hún búin jafnmiklum þægindum og hinar tvær íbúðirnar.

Leigubílar, lestarstöð og matvöruverslanir eru í stuttu göngufæri auk þess sem komin er göngubru yfir í Fisketorget, nýja verslunarmiðstöð sem blasir við frá Íslandsbryggju hinu megin síkisins og margir munu væntanlega heimsækja.

Það er von félagsins að sem flestum auðnist að njóta dvalar í íbúðunum í Kaupmannahöfn og brýnum jafnframt fyrir gestum þar að ganga vel um og taka tillit til annarra íbúa.

Þó við séum í fríu eru nágrannarnir það ekki!





Fréttir af félagsliðum

Félagsliðar útskrifast senn!



Nú í desember útskrifast hópur félagsliða sem starfa allir á velferðar og þjónustusviði Reykjavíkurborgar. Þessi hópur hefur verið fjórar annir í námi og hefur stundað námið af miklum áhuga.


Þetta er mikilvæg viðbót við þann hóp félagsliða sem útskrifast hefur og afar mikilvægir starfsmenn á sínum starfsvettvangi. Námið hefur verið kennt á dagtíma einu sinni í viku auk nokkura

námshelga þar sem hópurinn hefur farið út fyrir bæinn til að sinna sérgreinum og að vinna að tilteknu námsefni.

Það verður spennandi að fylgjast með þessum hópi eftir að námi lýkur.

Félagsliðar í sókn

Nýr hópur byrjar í námi 2007



Nú hefur verið ákveðið að nýr hópur starfsmanna í umönnun aldraðra og fatlaðra geti sótt um að komast í félagsliðanám í upphafi árs 2007.

Námið er kennt síðdegis tvisvar sinnum í viku kl. 16.30 til 19.30

Kennsla fer fram á þriðjudögum og fimmtudögum í gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu. Skilyrði fyrir þátttöku er að starfsmenn hafi lokið fagnámskeiðunum sem geta verið Fagnámskeið I og Fagnámskeið II eða kjarna, valgreina- og sérhæfninámskeiðum eins og þau hétu áður. Starfsmenn þurfa að hafa unnið í þrjú ár við umönnun eða sambærileg störf og vera orðin 23 ára.

Innritun verður hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 5107500 hjá Fjólu og Ragnari. Innritun hefst núna í nóvember.

Þetta nám er mjög mikilvægt fyrir starfsmenn í umönnun því það skapar þeim eftirsóknarverða stöðu á vinnu- markaði og betri kjör.

Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar



Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans



Nýr forstöðumaður Starfsafls

Spennandi verkefni að takast á við

- segir Sveinn Aðalsteinsson

Þetta er spennandi verkefni að takast á við, segir Sveinn Aðalsteinsson, sem nýlega tók við starfi forstöðumanns Starfsafls, starfsmenntaskrifstofu Samtaka atvinnulífsins og Flóafélaganna. Sveinn er vel sjóaður í skóla- og fræðslumálum eins og meðfylgjandi lýsing á starfsferli og námi hans ber með sér. Hann er doktor í plöntulífeðlisfræði frá Lundi í Svíþjóð og á að baki fjölbreyttan feril og ýmis forystustörf á sviði fræðslumála. Í stuttu spjalli við Svein kom fram að hann hefur alla tíð verið mjög áhugasamur um starfsmenntamál og fullorðinsfræðslu en auk þeirra var rætt við hann um áhugamál hans og fjölskyldu. Hann var fyrst spurður um hvernig honum fyndist að takast á við verkefni eftir fyrstu vikurnar í starfi.

Þetta er í einu orði sagt spennandi. Spennandi verkefni og spennandi áskorun. Vinnuumhverfið og móttökurnar hér í Sætúninu hafa verið frábærar, forystumenn, aðrir starfsmenn Eflingar og svo öll stjórn Starfsafls, hafa verið dugleg við að spjalla við mig og hvetja mig til dáða. Þeir hafa jafnframt verið boðnir og búnir til að aðstoða mig á allan hátt. Ég hef náttúrulega þurft að setja mig inn mörg verkefni og verklagsreglur eins og alltaf er í nýju starfi – og það er mjög

skemmtilegt. Ég hef notið mikils stuðnings frá allri stjórn Starfsafls en þar sitja þrír fulltrúar Flóabandalagsins og þrír fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins. Allt þetta fólk hefur mikinn metnað fyrir hönd Starfsafls og góðar tengingar út í atvinnulífið. Það besta við þetta nýja starf er að allir fulltrúar í stjórn eru mjög samstíga í að auka menntunarstig starfsgreinanna í Starfsafl. Það er yfirmarkmið Starfsafls og um það eru allir sammála.

Það er auðvitað bara spennandi áskorun fyrir okkur sem störfum að þessum málum að spýta í lófana og gera betur

Hver eru brýnustu verkefni sem þarf að glíma við í menntamálum félagsmanna?

Almennt er mjög brýnt að auka þátttöku félagsmanna í námskeiðum af öllu tagi. Ég er ekki viss um að það sé almennt þekkt meðal félagsmanna hvað það er í raun mikið og gott námsfram-

boð í boði, þrátt fyrir öflugt kynningarstarf síðustu ár. Það er auðvitað bara spennandi áskorun fyrir okkur sem störfum að þessum málum að spýta í lófana og gera betur. Í vetur er komið í gang óformlegt samstarf við ýmsa hagsmunaaðila um að leggja aukna áherslu á fræðslumál í ferðapjónustunni því þar er að mörgu leyti óþægður akur. Þar höfum við líka góða þarfagreiningu í grunninn, sem var unnin nýlega, sem sýnir svart á hvítu hvað verkefnin eru mörg og mikil. Okkur vantar fleiri slíkar greiningar til að gera starf okkar markvissara. Síðan má líka nefna þörfina á íslenskukennslu fyrir útlendinga og nauðsyn þess að opinberir aðilar komi þar sterkar inn en verið hefur. Einnig erum við með Leonardo Evrópuverkefni í gangi um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, sem hefur kannski litla formlega menntun en mikla reynslu. Við þurfum að vera viðbúin þegar þensluskeiðinu lýkur og hugsanlega fer að þrengjast um á vinnumarkaði.

Eitthvað sem hefur komið þér á övart í nýja starfinu?

Öll góð störf hafa margar hliðar með fjölbættum verkefnum og það hentar mér vel. Ég þrífst vel í umhverfi með mörgum áreitum og verkefnum sem þarf að sinna. Mitt fyrra starf sem skólameistari var bæði að sinna tilraunum og fræðslumálum og gamli Garðyrkjuskólinn var með fólk á öllum aldri í námi, meðalaldurinn var um 36 ár ef ég man rétt. Þannig að það starf var ekkert annað en fullorðinsfræðsla. Breytingin er því ekki svo mikil. Munurinn, borið saman við Starfsafl, er hversu miklu fjölbreyttari verkefnin eru hér í fræðslumálum, hér eru margar og um margt ólíkar atvinnugreinar í spílinu. Mér finnst mjög gefandi að starfa að fræðslumálum fullorðinna, þar er fólk sem veit orðið hvað það vill og vill virkilega læra og bæta færni sína. Þar er árangurinn oft líka mjög sýnilegur. Það er einmitt það sem við viljum sjá, sýnilegan árangur af okkar verkum. Undantekningarlaust eru þessir nemendur líka mjög þakklátir og stoltir yfir sínum árangri enda oft erfitt fyrir fólk að taka þessi fyrstu skref eftir langt hlé í námi.

Þú tekur vinnuna alvarlega. Er einhver tími fyrir fjölskylduna og áhugamálin?

Hvað segirðu, tek ég vinnuna alvarlega! Taka ekki allir þeir sem finna sig í starfi vinnuna alvarlega? Mig minnir að

Jón Gnarr, sá frábæri drengur, hafi sagt að grín sé dauðans alvara en afþreying sé deyfilyf. Ef við færum þetta yfir á vinnuna okkar þá eiga öll verkefni rétt á því að vera tekin alvarlega og faglega. Það er líka skemmtilegast. Síðan er þetta spurning um rétta forgangsörðun, sem er alltaf erfiðast. Ég á frábæra fjölskyldu og við styðjum hvort annað í því sem við erum að gera. Í dag er fjölskyldan í mínum huga enn dýrmætari en áður, ég er með tvo frábæra unglinga sem þurfa kannski minni stöðuga umönnun en oft áður en þegar þau þurfa á mér að halda þá vil ég vera til staðar með þann tíma sem þarf. Síðan eigum við gamalt hús með stórum garði sem þarf stöðugt viðhald. Það er kannski áhugamál út af fyrir sig...

Hvað um áhugamál þín að öðru leyti?

Í haust hefur verið minni tími en oft áður til að sinna einu af mínum mörgu áhugamálum sem er skotveiði, ekki síst

vegna nýs starfs. Ég er alls ekki að gráta það, ég valdi það sjálfur enda mikil áskorun að breyta um starf eins og ég gerði í haust. En þegar ég get þá fer ég með konunni minni eða vinum og geng á fjöll eða fer í veiði, sjóstöng eða stangveiði. Tangónámskeið er líka komið á dagskrána. Við Helga mætum reglulega og það er ýmsu fórn að til að komast! Tangó, bæði dansinn og tónlistin, er náttúrulega heill heimur út af fyrir sig og frábær afslöppun frá amstri dagsins, maður hreinlega gleymir öllu öðru!

Eitthvað fleira?

Ég er mjög þakklátur og stoltur yfir því tækifæri sem ég hef fengið með þessu nýja starfi og vil endilega benda mönnum á að hafa samband við mig og ræða málin. Bið menn líka að kíkjja á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is og fylgjast með því sem við erum að gera í Starfsafl. Án stöðugs sambands við okkar viðskiptavinum er vinnan okkar lítills virði og lendir á villigötum.

Um líf, starf og nám Sveins Aðalsteinssonar

Sveinn Aðalsteinsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Starfsafls og hóf hann störf 15. sept. sl. Sveinn, sem er fæddur 1960, hefur gegnt stöðu prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er fyrrverandi skólameistari Garðyrkjuskólans og átti þátt í því að leiða þar mikilvægar breytingar á skólastarfinu. Hann hefur verið í forystu um ýmis verkefni í landbúnaðargeiranum, setið í stjórnnum og nefndum innanlands og utan. Hann hefur mótað og skipulagt starfsmenntanám og háskólanám á umhverfissviði, m.a. verið formaður starfsgreinaráðs um náttúrunýtingu og skipulagt endurmenntun fyrir skógarbændur (Grænni skógar) auk annars endurmenntunarstarfs, bæði innanlands og á norrænum vettvangi. Hann stundaði jafnframt rannsóknir og kennslu við sænska landbúnaðarháskólann (SLU) um árabíl áður en hann tók við Garðyrkjuskólanum. Sveinn hefur ritað fjölda blaðagreina um málefni garðyrkjunnar auk greina um stjórnun. Sveinn er kvæntur Helgu Pálmadóttur, sérkennara og þau eiga tvö börn, Bríeti (f. 1990) og Kára (f. 1993).

Desemberuppbót 2006

Desemberuppbætur fyrir fullt starf árið 2006:

- Á almennum vinnumarkaði 40.700 kr.
- Hjá ríkinu/hjúkrunarheimilum/sjálfsseignarstofnunum 40.700 kr.
- Hjá Reykjavíkurborg 46.000 kr.
- Hjá Kópavogi/Seltjarnarnesi/Mosfellsbæ 59.729 kr.

Hægt er að nálgast nánari útfærslu á reglum um hlutfallsgreiðslu og fleira í viðkomandi kjarasamningi á heimasíðu félagsins: Efling.is / kjaramál / kjarasamningar.





Fjöldi fátæks fólks á Indlandi hefur notið stuðnings til betra lífs fyrir tilstuðlan Eflingar

Efling á Indlandi

Mjög sýnilegur árangur

Nú er ár liðið frá því Efling-stéttarfélag og Hjálparstarf kirkjunnar efndu til samstarfs við Social Action Movement (SAM) á Indlandi til að styðja við baráttu dalíta, stéttlausra íbúa í Tamil Nadu héraði á Suður Indlandi. Verkefnið hefur tekist vonum frammar og stuðningur Eflingar við verkefnið hefur gjörbreytt lífi fjölmargra fjölskyldna til frambúðar að sögn Hjálparstarfs kirkjunnar. Um 500 börn hafa fengið starfsþjálfun og kennsluæfingar í að taka próf, fjöldi einstaklinga hefur lokið leiðtogaþjálfun og ný stéttarfélag hafa verið stofnuð og velferðarkerfið eftt. Jónas Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar segir að verkefnið hafi skilað miklum árangri en hann var nýlega á ferð í héraðinu.

Pegar Jónas Þórisson var á ferð á Indlandi í haust með þáverandi formanni stjórnar HK, Einari Karli Haraldssyni gafst þeim kostur á að skoða verkefnið sem Efling hefur verið að styrkja. Þeir fengu einnig að taka þátt í að afhenda 60 stéttleysingum félagsskírteini í tryggingarsjóði ríkisins en SAM hefur greitt inntökugjald fyrir um 600 stéttleysingja með framlagi Eflingar.

Þeir hittu einnig framkvæmdastjóra SAM, forystumann verkalýðsfélags þvottafólks og hóp fólks sem hefur not-

ið góðs af samstarfi Eflingar og HK. Verkefnið hefur gengið mjög vel og vel er haldið utan um öll fjármál og ráðstafanir í fullu samræmi við áætlanir sem kynntar voru við upphaf samstarfsins.

Forystumenn SAM eru mjög þakklátir Eflingu fyrir veittan stuðning en árangur verkefnisins er mjög sýnilegur og hefur skilað sér í bættri aðstöðu og auknum réttindum fyrir þátttakendur.

Fjölmörg námskeið hafa verið haldin þar sem dalítar eru fræddir um kosti og nauðsyn þess að vera í stéttarfélagi. Inn-

tökugjald hefur verið greitt fyrir marga í tryggingakerfi ríkisins og þeim veittar upplýsingar um réttindi sín og skyldur.

Jónas Þórisson segir engum vafa undirorpið að stuðningur Eflingar hafi skipt miklu máli fyrir fjölmargar fjölskyldur og breytt lífi marga til frambúðar.

Honum var ofarlega í huga að þakka þann mikla stuðning sem félagsmenn Eflingar hafa sýnt því fólki á Indlandi sem býr við hvað erfiðastar aðstæður. Jafnframt bar hann mjög hlýjar kveðjur frá þeim sem leiða þetta starf fyrir hönd SAM á Indlandi. Það kom fram að mikil þörf er á að styrkja þetta verkefni áfram og er málið nú til skoðunar hjá stjórn Eflingar-stéttarfélags.

Mjög vel að verki staðið

- segir Sigurður Bessason

Við höfum tekið eftir því hve vel SAM hreyfingin á Indlandi hefur staðið vel að verki í þessu sameiginlega verkefni okkar og Hjálparstarfs kirkjunnar, segir Sigurður Bessason. Það vakti strax athygli okkar hve góðar skýrslur þeir sendu okkur um starfið. Við sáum myndir af stórum hópum fólks sem fóru í gegnum mikið fræðslustarf. Í reynd er þetta fólk að

takast á við það sama og við gerðum hér á landi fyrir heilli öld síðan, að nýta samtakamátt sinn gegn undirokun, lágun launum og réttleysi. Við gleðjumst yfir því að stórir hópar fólks í Tamil Nadu héraði hafa nú með stuðningi okkar fengið styrk til að gerbreyta lífi sínu til hins betra. Sérstaklega vekur athygli að mörg hundruð börn hafa fengið nýja fótfestu í lífinu með sérstökum aðgerðum í þeirra þágu.

Við höfum verið að skoða þetta verkefni að nýju í stjórn félagsins og mér sýnist að jákvætt viðhorf sé um frekari stuðning til þessa mikilvæga samstarfs Eflingar og HK á Indlandi, sagði Sigurður Bessason að lokum.

JÓLAGJÖF SEM GLEÐUR



GEFÐU GÓÐA JÓLAGJÖF

Gjafakort í Borgarleikhúsið er gjöf sem gleður. Hægt er að nota gjafakortið hvenær sem hentar og það fellur aldrei úr gildi.

Gleðilegt leikár!



Heimsmeistaramót kaffibarbjóna

Varð í þriðja sæti inn í úrslitin

Stefni að því að komast á heimsmeistaramót kaffibarbjóna á næsta ári, segir Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir, kaffibarbjónn

Kaffimenningin á Íslandi hefur breyst mikið á undanförunum árum og eiga kaffibarbjónar stóran þátt í því. Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir er 22 ára kaffibarbjónn á kaffihúsi Kaffitárs í Þjóðminjasafni Íslands og Listasafni Íslands og nemur myndlist á kvöldin í Iðnskólanum. Ingibjörg segir að til þess að geta unnið við kaffivél hafi hún farið á námskeið hjá Kaffitári og lært að búa til kaffi og freyða mjólk.

Það eru mismunandi bragðtegundir af kaffi sem tekur mið af því hvernig kaffið er ræktað og hvaðan það kemur. Kaffið sem við notum kemur frá Suður-Ameríku, Mið-Ameríku, Indónesíu og Afríku, segir hún.

Starfið er bæði fjölbreytt og skemmtilegt og kaffibarbjónum gefist kostur á að keppa á mótum bæði innanlands og

í útlöndum. Hún tók þátt í innanhúsmóti hjá Kaffitári síðastliðinn vetur og sigraði. Sigurinn veitti henni rétt til þess að keppa á Íslandsmótinu sem var haldið á sýningunni Matur 2006 í apríl. Ég sigraði þar líka og hélt svo til Bern í Sviss um miðjan maí og keppti til úrslita á Heimsmeistaramóti kaffibarbjóna og lenti í sjötta sæti.

Aðspurð segir Ingibjörg að sér hafi fundist frábært að komast á mótið og hún sé nokkuð ánægð með sjötta sætið.

En ég var í þriðja sæti inn í úrslitin og það hefði verið gaman að lenda í einu af þremur efstu sætum, segir hún.

Í lok september fór hún með landsliðinu til Kaupmannahafnar og tók þátt í Norðurlandamóti kaffibarbjóna þar sem norska liðið vann Norðurlandatitilinn. Þegar Ingibjörg er spurð hvort að hún ætli að halda áfram að keppa á stórmótum segist hún stefna að því taka þátt í sem flestum mótum á næsta ári og komast aftur á heimsmeistaramótið.

Uppskrift af frjálsum drykk frá heimsmeistaramóti kaffibarbjóna

Expressó, frosinn mangó púrra og Tropical Forest hunang hrært saman, 1 klaki til að gera kaffið kaldara. Hellt í frosin glös sem eru með frystan klakabotn.

Fennel sem hefur verið mortelaður og rjóma blandað saman. Fennel síað frá og rjómi létt þeyttur. Hellt hægt yfir kaffið og svo tyrkneskmalað kaffi yfir.

Allt hrært saman áður en kaffið er drukkið.



Undirbúningur fyrir leikskólabrú

Gaf okkur tækifæri til að skiptast á skoðunum

- segir Steinunn Ágústa Þorsteinsdóttir

Steinunn Ágústa Þorsteinsdóttir er leiðbeinandi á Leikskólanum Hálsakoti og tók þátt í fagnámskeiði fyrir leikskólastarfsmenn hjá Mími-símenntun í haust. Steinunn segir að hún stefni á nám í leikskólsbrúnni og þetta námskeið hafi verið hugsað sem undirbúningur fyrir þá sem áhuga hafa á frekara námi.

Margt af því sem fjallað var um á námskeiðinu eigi eftir að reynast sér vel í stafi sínu á leikskólanum.

Við fengum aðeins innsýn í notkun á tölvum og næringarfræðingur flutti áhugaverða fyrirlestra. Þá fluttu nokkrir forstöðumenn fyrirlestra um starfseminu á leikskólum sem þeir stjórna og þau voru líka áhugaverð. Svo kom

fulltrúi frá Eflingu í heimsókn og upplýsti okkur um kjarasamninga sem við vinnum eftir og starfsemi félagsins.

Fjórtán leiðbeinendur sóttu námskeiðið og það stóð í tvær vikur.

Samskiptin á námskeiðinu gáfu okkur tækifæri til að skiptast á skoðunum um starfseminu á vinnustöðum okkar, sagði Steinunn að lokum

Jólaball

- 28. desember -

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið fimmtudaginn 28. desember í Lídó, lðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1 kl.16:30. Húsið opnað kl.16:00.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1 frá 5. desember nk. Upplýsingar í síma 510-7500. Ath. að panta verður miða tímanlega

Jólasveinar koma í heimsókn • Hljómsveit sér um dans og söng
Boðið verður uppá veitingar • Nammipokar fyrir börnin

Miðaverð: Barn 400 krónur, Fullorðinn 600 krónur



Kynning á trúnaðarmönnum

Leysum strax úr ágreiningi

- segir Frans Arason

Frans Arason er 56 ára og hefur unnið hjá Flugfélagi Íslands við flug-afgreiðslu svo til óslitið frá árinu

1970. Starfsmenn í hlaðdeild kusu hann trúnaðarmann fyrir tveimur árum en hann hefur ekki þurft að

glíma við erfið mál sem trúnaðarmaður, segir hann.

En auðvitað kemur upp ágreiningur og þá er leyst úr honum strax, segir hann. Svo er ég líka öryggistrúnaðarmaður og það er talsvert meiri erill í því starfi. Menn vilja gleyma að setja upp öryggisbúnaðinn og gæta oft ekki nógu vel að sér þegar verið er að hlaða flugvélnarar eða draga þær inn og út á morgnana og kvöldin.

Aðspurður um áhugamál segir Frans að þau snúist aðallega um bát sem hann á með föður sínum og ferðalög. Við fedgarnir veidum stundum í soðið. En ég hef lítið getað sótt sjóinn undanfarið vegna veikinda föður míns. Ég hef verið að skipta um vél í bátnum og byggja yfir hann að hluta. Í sumar skrúppum við hjónin til Kanaríeyja. Við reynum að fara þangað tvisvar á ári til hvílast og komum svo endurnærð til baka, sagði Frans og það er létt yfir þessum trúnaðarmanni hjá Flugfélaginu.

Franz er giftur Anney Bergmann Sveinsdóttur og þau eiga þrjú uppkomin börn og níu barnabörn.

Aðalbjörg Jóhannesdóttir

Vel haldið utan um fræðslu trúnaðarmanna



Aðalbjörg ásamt tveimur börnum á leikskólanum

Aðalbjörg Jóhannesdóttir verður 46 ára í desember n.k. og er leiðbeinandi á Leikskólanum Völvuborg í Efra-Breiðholti. Aðalbjörg segir að

hún hafi verið trúnaðarmaður í átta ár og erfið mál hafi ekki komið til sinna kasta öll árin. Það eru þá helst fyrirspurnir frá samstarfsfólki mínu

sem ég hef þurft að fá svör við hjá starfsfólki Eflingar og það hefur alltaf gengið vel, segir hún.

Aðalbjörg segist hafa sótt nokkur trúnaðarmannanámskeið á undanförunum árum og það hafi reynst sér vel.

Hún segir líka að sér finnst mjög vel haldið utan um fræðslu fyrir trúnaðarmenn hjá Eflingu. Ég tók þátt í tveggja daga námskeiði fyrir trúnaðarmenn sem var haldið í Reykholti í Borgarfirði í byrjun september. Námskeiðið var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Svo kynntist ég trúnaðarmönnum úr fleiri starfsgreinum og það var líka mjög skemmtilegt, segir hún.

Þegar Aðalbjörg er spurð um helstu áhugamál sín, segist hún hafa gaman að því að fara út að ganga með hundinn og ferðast um landið á sumrin og gista í tjaldi. Mér finnst líka gaman að búa til myndir úr steindu gleri og að lesa góða bók. Síðan má ekki gleyma því mikilvægasta sem er að vera með fjölskyldu minni og vinum.

Aðalbjörg er gift Svavari Tryggvasyni, starfsmanni hjá Slökkviliði Reykjavíkur og þau eiga tvö uppkomin börn.

Uppbygging

Kraftur í trúnaðarmönnum Eflingar



Haustið byrjaði með hveli þegar mjög fjölmennt trúnaðarmannanámsskeið var haldið fyrir nýja trúnaðar-

menn og var sérstaklega ánægjulegt að finna fyrir kraftinum og áhuganum sem býr í þeim hópi sem var sam-

an í Sætúninu eina viku í september. Þar lærðu trúnaðarmenn hvað felst í því að taka að sér þetta mikilvæga hlutverk og stöppuðu stálinu hver í annan.

Næsta verkefni fyrir trúnaðarmenn var að hópur trúnaðarmanna fór á námskeið í Reykholti í október síðastliðnum. Þar voru trúnaðarmenn í tvo daga og lærðu margt um framkomu, fundarstjórn, ræðumennsku og fleiri mikilvæg atriði.

Stór hluti námsins byggir á verklegri þjálfun og var mjög gaman að fylgjast með hópnum vaxa í þá tvo daga sem námskeiðið stóð.

Óhætt er að fullyrða að það voru sterkari einstaklingar sem stigu út úr rútunni í Sætúninu á laugardagssíðdegi en fóru upp í hana á föstudagsmorgni.



Landnemaskólinn

Nemendur í Landnemaskólanum heimsóttu Þjóðmynjasafnið ásamt Hauki Harðarsyni kennara og skoðuðu sýningu um menningu og sögu á

Íslandi í 1200 ár. Heimsóknin er hluti af náminu og leiðsögumaður safnsins sá um að fræða landnemana um forna muni og annað sem fyrir augu bar.

Á myndinni er leiðsögumaðurinn að sýna hópnum líkan af Staðarkirkju.

Skuldajöfnuður við launafólk ekki liðin tíð

Atvinnurekandi fékk sexfaldan reikning

- fyrir þvergirðingshátt

Allt fram á fyrri hluta 20. aldar tíðkaðist það að greiða verkafólki kaup með vörum, fæði, fatnaði, húsnæði og þannig mætti áfram telja. Fjöldi atvinnurekenda hafði nánast sjálfðæmi um verðmæti úttekins varnings og hlunninda og verkafólk var hlunnfarið í stórum stíl og fékk lítið sem ekkert útborgað í reiðufé til að framfleyta fjölskyldum sínum. Þetta ófremdarástand leiddi til þess að Alþingi setti lög um greiðslu verkkaups á árinu 1930 sem enn eru í gildi. Nýlegt mál sem Atli Gíslason, lögmaður Eflingar rak fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sýnir að þessi gamli hugsunarháttur er síður en svo úr sögunni.

Í lögnum er mælt fyrir um að verkkaup skuli greitt með gjaldgengum peningum og að ekki megi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Ennfremur að verkkaupið skyldi greitt vikulega.

Einhver kynni að hugsa sem svo að þessi 76 ára gömlu lög gegn ofurvaldi atvinnurekenda á fyrri hluta 20. aldar hefðu ekki þýðingu í dag. Því fer fjarri og á síðustu árum hafa þau verið traust haldreipi í fjölmörgum málum sem rekin hafa verið fyrir félagsmenn Eflingar fyrir dómstólum, einkum í málum útlendinga. Þeir eru mun oftar hlunnfarnir af atvinnurekendum en íslenskir launamenn. Minnir ástandið stundum á atvinnukúgun sem tíðkuð var á Íslandi fyrir hartnær 100 árum.

Nýlegt dæmi um frádrátt frá launagreiðslum

Nýlega gekk dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli lettnesks launamanns gegn atvinnurekanda í Reykjavík. Þar var deilt um frádrátt frá launagreiðslum vegna fæðis, húsnæðis og meints útlagðs kostnaðar að fjárhæð 156.073 kr. Atvinnurekandinn áætlaði fæði og húsnæði nánast eins og Lettinn, Vilnis Leja, hefði dvalið á hóteli og framvísaði algjörlega ófullnægjandi gögnum um meintan útlagðan kostnað og fleira. Um skuldajöfnuð hafði aldrei verið samið og

taldi Vilnis að samið hefði verið um að fæði og húsnæði fylgdi.

Atvinnurekandi hafnar samningum....

Ítrekað var leitast við að semja um málið en atvinnurekandi hafnaði öllum tilboðum, jafnvel að greiða eingöngu höfuðstól kröfunnar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum í september sl. var gengið að öllum kröfum Lettans og atvinnurekandanum auk þess gert að greiða vexti og málskostnað. Rökstuðningur dómans var einfaldlega þessi

„Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups má eigi greiða kaup með skuldajöfnuði nema um það hafi áður verið sérstaklega samið. Ósannað er að slíkt samkomulag hafi komist á milli aðila, enda er ágreiningur með þeim um réttmæti greindra frádráttarliða. Þá verður hvorki talið að krafa stefnda um endurgreiðslu kostnaðar vegna fæðis og húsnæðis né aðrir liðir gagnkröfu hans hafi slík tengsl við launakröfu stefnanda að til skuldajöfnunar geti komið. Verður því gagnkröfu



Einhver kynni að hugsa sem svo að þessi 76 ára gömlu lög gegn ofurvaldi atvinnurekenda á fyrri hluta 20. aldar hefðu ekki þýðingu í dag. Því fer fjarri og á síðustu árum hafa þau verið traust haldreipi í fjölmörgum málum sem rekin hafa verið fyrir félagsmenn Eflingar fyrir dómstólum, einkum í málum útlendinga. Þeir eru mun oftar hlunnfarnir af atvinnurekendum en íslenskir launamenn, segir Atli Gíslason, lögmaður Eflingar

stefnda í málinu hafnað. Samkvæmt framansögðu verður dómkrafa stefnanda tekin til greina eins og hún er sett fram í dómssorði.

Þvergirðingsháttur atvinnurekandans og forneskjuhugsun varð honum dýrkeypt. Þegar upp er staðið má ætla að hann hafi þurft að greiða milli 700.000 kr. og 800.000 kr. vegna málsins að meðtalinni þóknun til lögmanns síns.



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Ákvað að berjast til þrautar

Skapa fjölskyldu minni betra líf

- segir Vilnis Leja frá Lettlandi

Vilnis Leja hóf störf hjá Gróðrastöðinni Lambhaga í júlí 2005 og segir að vinnuveitandi sinn hafi sagt að hann fengi frítt fæði og húsnæði á vinnustaðnum. Hann segir líka að samskipti sín við vinnuveitandann hafi gengið vel fyrstu tvo mánuðinna. En þá hafi snurða hlaupið á þráðinn eftir að honum varð ljóst að vinnuveitandinn hafði dregið af laununum uppí kostnað vegna fæðis og húsnæðis.

Ég fór til hans og benti honum á þessi mistök. En hann vildi ekki kannast við að ég ætti að hafa frítt fæði og húsnæði.

Vilnis segir að hann hafi þá haft samband við vini sína og þeir hafi ráðlagt sér að hafa samband við Eflingu.

Starfsmaðurinn sem tók málið að sér hafði samband við vinnuveitanda minn en það bar heldur engan árangur. Þá var ég sendur til fundar við Atla Gíslason, lögmann félagsins, og eftir að hann hafði kynnt sér málið var ákveðið að fara með það fyrir dóm. Núna liggja niðurstöðurnar fyrir.

Vilnis segir að sér hafi liðið mjög vel þegar niðurstöður dómsins voru birtar. Sennilega hefðu margir vilja gleyma þessu og farið heim. En ég ákvað að berjast og þetta varð niðurstaðan eftir eins

árs baráttu, segir hann.

Vilnis flutti á Eyrarbakka og starfa núna hjá Málningarþjónustu Suðurlands og horfir björtum augum til framtíðar.

Þegar ég hafði unnið í sex mánuði hjá Málningarþjónustunni hafði mér

tekist að leggja fyrir peninga í banka í Lettlandi, gat keypt íbúð þar sem konan mín og sonur búa núna. Ég gleðst yfir að geta skapað þeim betra líf í heimalandi okkar, sagði Vilnis að lokum.



Karl Ó. Karlsson



Atli Gíslason

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmanna

Lögmenn Eflingar-stéttarfélags eru til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli 13.00-16.00 yfir sumar-tímann en á veturna er viðtalstíminn til 16.30. Það eru þeir Atli Gíslason og

Karl Ó. Karlsson frá lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar sem sjá um viðtalstímana. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.

Efling supports education

What **support** do I have **from my union?**

The individual's right to receive educational subsidies is dependent on whether employees work for the state, the city or in the private sector. The link between the planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have paid fees to the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 44.000 kr. to 50.000 per year. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the head-



ing of „Education“. Applicants must also present a receipt, for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.



Fræðslusjóðir greiðslur fyrir jól!

Síðasti skiladagur umsókna til að þær fái greiddar fyrir jól er 15. desember.

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ TÓNLISTARFÓLKS

Markmið Tónastöðvarinnar hefur frá upphafi verið og er enn að þjóna tónlistarfólki á öllum sviðum. Meðal annars leggjum við mikla áherslu á þjónustu við nemendur í tónlist og tónlistarkennara með því að bjóða upp á eins mikið úrval gæðahljóðfæra og nótnabóka og kostur er á litlum markaði – og að sjálfsögðu á sem hagstæðustu verði.

Aðalsmerki verslunarinnar hefur ávallt verið að veita faglega og persónulega þjónustu. Þrátt fyrir hinn gríðarlega vöxt verslunarinnar á stuttum tíma hafa eigendur og starfsfólk ekki misst sjónar á meginmarkmiðinu; að þjóna viðskiptavinunum af alúð, kostgæfni og fagmennsku. Allt frá upphafi hefur Tónastöðin átt þeirri gæfu að fagna að hafa í sinni þjónustu úrvals starfsfólk með mikla þekkingu á sínu sviði. Það er því engin tilviljun að Tónastöðin hefur á innan við tveimur áratugum breyst úr litlu heimilisfyrirtæki í stærstu og veglegustu hljóðfæra- og nótnaverslun landsins – þjónustumiðstöð tónlistarfólks.

Í Tónastöðinni
finnur þú einstakt úrval
hljóðfæra á góðu verði,
nótur og fylgihluti.

Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áralangri reynslu.

Tónastöðin • Skipholti 50d • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is





Sigrún Júlíusdóttir,
prófessor í félagsráðgjöf

Forvitnilegar niðurstöður í nýrri könnun

Ætlar þú að stofna fjölskyldu?

Á dögum kynnti Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, nokkur valin atriði úr niðurstöðum nýrrar rannsóknar og könnunar á reynslu og viðhorfum ungs fólks til fjölskyldumála. Könnunin tengist Rannsóknarsetri í Barna- og Fjölskylduvernd en Efling er samstarfsaðili að setrinu ásamt nokkrum öðrum aðilum. Um er að ræða yfirgripsmikla könnun á viðhorfum ungs fólks um tvítugt til lífshátta og lífsgilda. Það eru margar afar for-

vitnilegar niðurstöður sem fram koma í könnuninni sem Sigrún hefur kynnt en verður ekki fullunnið úr könnuninni í heild fyrr en í byrjun næsta árs. Fréttablað Eflingar fékk að taka út nokkur fróðleg og um leið skemmtileg atriði úr niðurstöðum en tekið skal fram að þessi atriði gefa ekki heildarmynd af efni rannsóknarinnar.

Hvernig býrð þú og hvernig vildir þú búa?

Það er merkilegt að rýna í spurningar um hvernig þessi ungmenni búa og í ljós kemur að langflest þeirra búa í foreldrahúsum, hjá öðru foreldri eða hjá foreldri og stjúppforeldri eða í sambandi í foreldrahúsum. Meira en fjórir af hverjum fimm eru í þessari stöðu sem kemur ekki

á óvart. Þegar hins vegar er spurt nánar um það hvernig fólk vildi búa um tvítugt, þá kemur í ljós að um 40% stúkna og yfir 60% strákanna myndi vilja búa í eigin húsnæði og svipuð hlutföll geta hugsað sér leiguhúsnæði á almennum markaði.

Fyrir hvað borgar þú?

Það er skemmtilegt að skoða fyrir hvað unga fólkið borgar á heimilinu eða telur sig borga. Þannig hlýtur það að koma á óvart að nærri 60% þessara ungmenna telur sig borga lítillega eða talsvert af matarkostnaði sínum og um 15% taka þátt í húsnæðiskostnaði. Kannski kemur það ekki á óvart að þessi ungmenni greiða flest allan sinn fatnað og stóran hluta af kostnaði við tómstundir og skemmtanir

„Amma hefur áhyggjur af því að missa fólkið í kringum sig“

Ætlar þú að mynda fjölskyldu? - Hve mörg börn viltu eignast?

Það eru forvitnilegar niðurstöður sem koma fram þegar unga fólkið er spurt um hvort það ætlar að mynda fjölskyldu. Nánast allir ætla að mynda fjölskyldu og sumir eða um 5% hafa þegar gert það. En flestir eða um 40% reikna með að það verði um 25 ára aldur og nærri 20% reikna með því um þrítugt. Það er því ljóst að fjölskyldumyndun er að seinka hér á landi miðað við það sem áður var ef tekið er mið af þessum væntingum. Þá er ekki síður forvitnilegt að skoða áform ungs fólks um barneignir en þar kemur fram að mjög fáir hyggjast eignast eitt barn en nærri helmingur ungmenna hyggst eignast tvö börn eða fleiri. Þá er það umhugsunarvert að um 35% ungmenna nefna það sem ástæður barneigna að verða ekki einmana á efri árum og eiga vísa umhyggju þegar aldur færist yfir.

Áhyggjur afa og ömmu

Því er stundum haldið fram að ungt fólk sé ekki djúpt hugsandi og lokist af í sínum áhugaheimi og hirði lítið um fjölskyldu sína - hvað þá afa og ömmu. Þessi rannsókn gefur aðra mynd af ungu fólki og hugrenningum þeirra t.d. um áhyggjur og ánægjustundir afa og ömmu. Ljóst er að bak við svörin búa töluverðar þælingar s.s. þegar spurt er um áhyggjur og svörin eru: „Amma hefur áhyggjur af því hvenær hún deyr“ eða „áhyggjur af því að missa fólkið í kringum sig“. „Að hitta barnabörnin ekki nógu mikið“, „hvort hún fái ekki fleiri barnabörn bráðum.“ Ánægjustundir afa og ömmu eru líka vel innrammaðar í svörum eins



og að ánægja þeirra sé fólgin í að „gefa gjafir“ og „fá okkur öll í heimsókn.“

Það verður ekki sagt annað en þessi stuttu brot sem hér eru sýnd slái ákveðinn bjartsýnistón fyrir það unga fólk

sem gefur svörin. Fyrir þá sem vilja vita meira um þessa rannsókn er bent á vef Háskóla Íslands og bókina Þjóðarspegilinn.

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands kynnti á dögunum nokkur valin atriði úr niðurstöðum nýrrar rannsóknar og könnunar á reynslu og viðhorfum ungs fólks til fjölskyldumála. Könnunin er að hluta unnin í samvinnu við Guðlaugu Magnúsdóttur, meistaranámsnema í félagsráðgjöf. Aðrir samstarfsaðilar eru Center for Research on Family Relationships við háskólann í Edinborg, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vegna úrtaksgerðar og skráningar gagna og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd m.a. við gagnasöfnun. Í kaflanum hér á undan er sagt frá forsendum rannsóknarinnar, aðferð og heimtum ásamt nokkrum völdum atriðum úr niðurstöðum. Þau eru (1) fjölskyldugerð, búsetuhættir og sjálfstæði, (2) viðhorf ungmenna til fjölskyldumyndunar, (3) breytingar í sambúðarháttum foreldra og (4) sýn þeirra á faglega aðstoð í skólum.



Berglind Elín Davíðsdóttir

Ráðin til Eflingar

Berglind Elín Davíðsdóttir hefur verið ráðin í starf þjónustufulltrúa á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags. Berglind hefur undanfarið ár unnið á Fasteignasölnunni Hóli þar sem hún vann við samninga og skjalagerð á skrifstofu.

Berglind hefur á árum áður kynnst ýmsum störfum á samningssviði Eflingar. Þar á meðal vann hún á Landakotsspítala við umönnum.

Berglind er 36 ára gömul og á eina dóttur.



Fjármálanámskeiðin lokka

Sérstaklega gaman að kenna hjá Eflingu

- segir Ingólfur Ingólfsson

Það er sérstaklega gaman að kenna á námskeiðum hjá Eflingu, segir Ingólfur Ingólfsson hjá Spara.is sem haldið hefur mjög vinsæl og þekkt fjármálanámskeið undanfarin ár. Margir þekkja vel til námskeiðanna því hundruðir Eflingarfélaga hafa nýtt sér þau undanfarin ár auk þess sem Ingólfur hefur komið fram í sjónvarpi og fjölmiðlum með kennslu sína um fjármál.

Ingólfur sagði eftir námskeiðið í haust

að hann hefði sérstaklega gaman að því að kenna á námskeiðum hjá Eflingu því fólk sé almennt óhrætt við að spyrja og ræða málín við hann um það sem snýr að fjármálum heimilanna. Það eru yfirleitt best heppnuðu námskeiðin hjá mér þegar fólkíð á námskeiðinu leiðir mig áfram með góðum spurningum, sagði Ingólfur.

Það er ljóst að enn eru margir Eflingarfélagar sem hafa áhuga á að nýta sér námskeið Ingólfs og mun Efling beita

sér fyrir því að haldin verði fleiri námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn.

Á heimasíðunni www.spara.is er að finna margt áhugavert um fjármál heimilanna s.s. útskýringar á ýmsum hugtökum og reiknivélar sem geta hjálpað til við að reikna út sparnað og vaxtabætur. Skellið ykkur á vefinn því þar getið þið undirbúið ykkur undir komandi námskeið með Ingólfi ... hjá Eflingu að sjálf-sögðu!!!!!!

Efling

Meiri íslenskukennslu

Í vaxandi umræðu um stöðu innflytjenda til Íslands hefur ítrekað verið bent á að íslenskukennsla væri mikilvæg forsenda góðrar aðlögunar að íslensku samfélagi. Ítrekað hefur verkalyðshreyfingin bent á að á Norðurlöndunum er boðið upp á mun lengri og viðameiri kennslu í máli heimalandsins. Hér hefur verið boðið upp á algjört lágmark eða 150 tíma í íslensku sem er alltof lítið.

Einnig hefur fjármagn til íslenskukennslu verið takmarkað og boltanum velt á stéttarfélagin.

Það eru því mikilvæg tíðindi að ríkisstjórnin hefur nú brett upp ermar og lagt upp með áætlun til næstu þriggja ára með aukið fjármagn í íslenskukennslu og aðra þætti sem lúta að þessu viðamikla verkefni. Á fyrsta árinu verður fjármagnið aukið í 100 milljónir en á árinu 2008 verður fjármagnið hátt í 200

milljónir með möguleikum á að meta þörfina frekar og svipað á árinu 2009.

Þetta er fagnaðarefni og verður lögð mikil vinna á næstunni í að greina þörfina fyrir námsefnisgerð og gildi námskrár fyrir íslenskukennsuna.

Efling-stéttarfélag hefur á undanförunum árum lagt fram ómetanlegan skerf í íslenskukennslu með framlögum úr fræðslusjóðum félagsins. Félagið mun áfram taka virkan þátt í að móta verkefni framundan og hvetja til aukinnar íslenskukennslu á næstu árum til að jafna möguleika þeirra sem flytja hingað til lands til náms og starfa.



HÖFUÐ, HERÐAR ...



Íbúfen® – Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og jafnframt hitalækkandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tiðaverkjum, tannginu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lífrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalícýlsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingarópægindum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.

14.09.05


hagur í heilsu



Frá vinstri, Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsráðgjafi, Helga Björk Páldóttir, verkefnastjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir hjá Eflingu, ásamt leikskólastarfmönnum sem tóku þátt í fagnámskeiði fyrir leikskóla

Brugðist við mikilli aðsókn

Nýr hópur í leikskólabró

Þar sem mikið er spurt um leikskólabróarnámið og hvenær nýr hópur komist í námið hefur í samstarfi við Mími-símenntun verið ákveðið að nýr hópur geti hafið námið í janúar 2007.

Mjög mikil aðsókn hefur verið í leikskólabróarnámið á undanförunum önn-

um og áhugi starfsmanna á leikskólum mikill fyrir frekari menntun.

Fyrir stuttu útskrifaðist hópur sem lauk námskeiði sem upp á vantaði til að geta sótt sér frekara nám eins og leikskólabróarnám. Sambærilegur hópur lauk slíku námi í vor auk þess sem tölverður fjöldi starfsmanna á leikskól-

um hefur réttindi til að skrá sig á leikskólabróarnámið.

Þetta nám verður kennt síðdegis en tímasetningar verða nánar kynntar í auglýsingu á vinnustöðum.

Til þess að eiga rétt á að sækja um þetta nám þurfa starfsmenn að hafa lokið fagnámskeiðum sem eru samtals um 230 kennslustundir. Starfsmenn þurfa að hafa unnið við umönnun barna í þrjú ár eða sambærilega vinnu.

Innritun í námið hefst í nóvember hjá Fjólu og Ragnari í síma 5107500

Sendið félögum Eflingar - stéttarfélags og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári

Afl-Starfsgreinafélag Austurlands
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. Smiðjuvegi 14, Kópavogi
Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík
Boðinn, verkalyðsfélag, Hveragerði
Borgarbyggð
Eining - lðja, Akureyri
Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík
Falleg gólf ehf., Nesbala 25, Seltjarnarnesi
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Faxaflóahafnir
Félag íslenska hljómlistarmanna
Félag leiðsögunna
Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík
Hampiðjan, Flatahrauni 3, Hafnarfirði
Landssamband íslenskra verslunarmanna

Landssamband lögreglumanna
Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Ottó B Arnar ehf., Ármúla 29, Reykjavík
Seltjarnarneskaupstaður
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannafélagið Jötunn, Vestmannaeyjum
Sjómannasamband Íslands
Smur- bón- og dekkjapjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík
Stéttafélagið Samstaða, Blönduósi
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Stykkishólms
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði



Starfsafl styrkir meiraprófið

Eftirspurn hefur aukist verulega

- segir Sveinn Aðalsteinsson

Félagsmenn Eflingar, Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur hafa nú átt þess kost síðan snemma árs 2005 að fá styrki frá

Starfsafls, starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, til að mæta kostnaði við nám til aukinna ökuréttinda, betur þekkt sem

meiraprófið. Hátt í tvö hundruð félagsmenn hafa verið styrktir á tæpum tveim árum, þar af um 120 félagsmenn Eflingar.

Sveinn Aðalsteinsson, forstöðumaður Starfsafls, segir að eftirspurn meðal félagsmanna Eflingar hafi aukist verulega eftir að styrkir Starfsafls voru hækkaðir en nú geta félagsmenn fengið allt að 100.000 kr. styrk til að mæta kostnaði við aukin ökuréttindi. Hins vegar sé mjög mismunandi hvað námið kostar, það fari algerlega eftir hversu miklum réttindum fólk sækist eftir. Styrkurinn sé þó einn og hinn sami óháð kostnaði við námið. Styrkurinn nær þó aldrei að kosta allt námið, jafnvel ekki lágmarksnámið. Það er ánægjulegt að sjóðurinn geti sinnt þessari eftirspurn, enda munar hvern félagsmann um þessa upphæð, segir Sveinn.

Hins vegar má með góðum rökum benda á nauðsyn þess að færa þetta nám sem valgrein inn í almenna skólakerfið. Sveinn bendir á að Samtök iðnaðarins og Félag vinnuvéláeigenda hafi nýlega ályktað um málið og hvatt til þess að námið verði vistað í almenna skólakerfinu, enda sé það starfsréttindanám eins og annað starfsnám sem almenna skólakerfið býður. Slíkt sé réttlætismál. Sjá nánar á heimasíðu Samtaka iðnaðarins, www.si.is, undir menntamál.

En á meðan núverandi fyrirkomulag er við lýði er full ástæða til að hvetja félagsmenn til að kynna sér reglur og rétt varðandi styrki til aukinna ökuréttinda hjá Starfsafls. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is og á skrifstofu Starfsafls, í síma 510 7544 eða á skrifstofum Eflingar, Hlífar og VSKF.

Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum“?

Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári



Félag hársnyrtisveina
Borgartúni 30
Sími: 588 0806



GARDABÆR
www.gardabær.is



GLERTÆKNI ehf
VÖLUNGUR 21 • 271 MOÐELLSSÍÐI • SÍMI 588888 • FAX 588888



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Gistiheimili
Sérleyfis- og hóptæðir
Borgartúni 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gjtravel@gjtravel.is
www.gjtravel.is



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF.



NÓI SÍRÍUS



Byggingafélag



Starfsgreinasamband Íslands



Bæturáættir



MÍMIR
símenntun



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið



SEMENTSVERKSMIDJAN



Það var létt yfir hópnum þegar nemendurnir stylltu sér upp fyrir ljósmyndarann

Framhaldsnámskeið fyrir lesblinda

Sjöundi hópurinn sem hefur sótt lesblindunámskeiðið *Aftur í nám* var útskrifaður þann 2. nóvember sl. Námið er ætlað fyrir fólk með lesraskanir og voru fimmtán nemendur í hópnum að þessu sinni. Í ávarpi sem tveir nemendur fluttu kom m.a. fram ósk um að

aðstandendur námskeiðsins íhuguðu að halda framhaldsnámskeið. Það gæti ráðið úrslitum um að fleiri einstaklingar sem eru með lesblindu treysti sér til þess að fara í frekara nám. Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri Mímis-símenntunar, sagði að yfir hundrað nemendur

hefðu lokið námskeiðunum og sá fjöldi hlyti að skapa grundvöll fyrir framhaldsnámskeið. Í máli hennar kom líka fram að hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er verið að vinna að annars konar námskrá fyrir lesblinda og hún gæti hugsanlega nýst nemendum til framhaldsnáms.



Skeljungur hf.



KORNAX

Kjarnavörur hf.



KÓPAVOGUR



Félagsþjónusta
Kópavogs





Örlagadagar Puriðar Valtýsdóttur

Þótti hafa munninn fyrir neðan nefið

Það urðu straumhvörf í lífi Puriðar Óskar Valtýsdóttur þegar hún var beðin um að gefa kost á sér í stjórn Verkakvennafélagsins Framsóknar upp úr 1990 og hún var í stjórn Dagsbrúnar-Framsóknar þegar félögin voru sameinuð árið 1997-98. Hún hefur ætíð síðan verið í félagslegu hlutverki fyrir sín samtök, nú síðustu árin í Noregi eftir að hún fluttist þangað með dóttur sinni. Það er forvitnilegt og skemmtilegt að spyrja Puriði um hvað hefur drifið á daga hennar síðan hún var trúnaðarmaður í Granda á dögum þjóðarsáttarinnar hér á landi.

Ætli það hafi ekki verið um 1990 að ég var beðin um að gefa kost á mér í

stjórn Framsóknar og þá hófst þessi kafla í lífi mínu fyrir alvöru, segir hún. En áður hafði ég verið trúnaðarmaður fisk-

Við skruppum til Íslands um síðustu páska og létum ferma dóttur mína og giftum okkur í leiðinni

verkfólks hjá Granda og seinna þegar ég fór að vinna í eldhúsinu hjá Áhaldahúsi Kópavogs var ég kosin trúnaðarmaður þar. Puriður segir að ástæðan fyrir því

að hún var beðin um að taka að sér þessi störf hafi verið að hún þótti hafa munninn fyrir neðan nefið og var ófeimin að láta í sér heyra ef henni var misboðið á einhvern hátt. Þetta tímabil í lífi mínu var bæði lærdómsríkt og skemmtilegt og ég eignaðist marga góða vini í verkalyðshreyfingunni, segir hún.

Pungbært að fara frá fjölskyldunni til Noregs

Árið 1999 varð mikil breyting á lífi Puriðar þegar hún ákvað að flytja til Noregs. Ég kynntist íslenskum manni hér heima sem var búsettur í Kragrö, sem er lítill ferðamannabær og samband okkar þróaðist í þá átt að ég ákvað að flytja út með yngstu dóttur mína og við hófum sambúð.

Þessi ákvörðun var erfið. Ég talaði ekki norsku og það var ekki útséð um að ég fengi vinnu strax þegar ég kæmi út. Ég var vön að vinna mikið og það hefði ekki átt við mig að þurfa að sitja aðgerðarlaus heima. Svo á ég tvær uppkomnar dætur og barnabörn og það var þungbært að fara frá þeim. Reyndar er önnur dóttir mín og fjölskylda hennar

flutt til okkar núna og það er mjög gaman, segir hún.

Þuríður segir að fyrstu þrjá mánuðina hafi hún verið atvinnulaus. Það gekk ekkert að fá vinnu. En fljótlega eftir að ég byrjaði að læra norsku fékk ég vinnu hjá kjötvinnslufyrirtæki og vann þar fram að jólum. Eftir áramótin hélt ég áfram með norskunámið og fór svo að vinna hjá kjötvinnslufyrirtækinu aftur þegar að námskeiðinu lauk. Skömmu seinna var mér boðið starf við bókband í prentsmiðju þar sem Ingólfur, maðurinn minn, vinnur og ég hef unnið þar síðan, segir hún.

Byrjuð afskipti af verkalyðsmálum

Við skruppum til Íslands um síðustu páska og létum ferma dóttur mína og giftum okkur í leiðinni. Þuríður segir líka að þegar hún fór að ná valdi á norskunni hafi samskiptin við vinnufélagana almennt aukist og núna gangi þau mjög vel. Það er gott að búa í þessum 12 þúsund manna bæ og þar sé fallegasti skerjagarðurinn í Noregi. Svo skemmir það ekki fyrir að frægasta og ríkasta fólkið í Osló á sumarhús í bænum og

næsta nágrenni og íbúatalan getur farið uppí 30 til 40 þúsund manns í júlí og fram í miðjan ágúst. Þetta eru yfirleitt norðmenn og þeir koma á snekkjunum sínum og dvelja í sumarhúsum og spila mikið golf.

Þuríði finnst gott að vinna með norðmönnum. Flestir starfsmennirnir höfðu unnið í prentsmiðjunni í 20 til 30 ár og voru ekki tilbúnir að taka fagnandi á móti nýju starfsfólki, fyrr en þeir voru sannfærðir um að fólkið væri komið til þess að vera. Svo þegar maður fór að kynnst þeim þá reyndust þeir vera yndislegt fólk.

Þuríður vinnur á tvískiptum vöktum. Aðra vikuna vinnur hún frá sjö á morgnana til þrjú á daginn og hina vikuna vinnur hún á kvöldvakt frá klukkan þrjú til tólf á miðnætt frá mánudegi til fimmtudags. Stundum þarf að vinna aukavinnu þegar mikið er að gera eins og fyrir jólin og hún er bara fyrir þá sem vilja vinna. Þegar Þuríður er spurð hvort hún sakni ekki starfa sinna fyrir íslensku verkalyðshreyfinguna svarar hún því játandi. En hún er byrjuð að skipta sér af verkalyðsmálum aftur.

Svo þegar maður fór að kynnst þeim þá reyndust þeir vera yndislegt fólk

Þegar ég hafði náð góðu valdi á norskunni fór ég að mæta á fundum hjá Grafisk Sud Öst, sem er mitt stéttarfélag og tók virka þátt í umræðum. Það endaði með því að ég var beðin um að gefa kost á mér sem varamaður í stjórn og núna mæti ég á flesta stjórnarfundum og reyni að láta gott af mér leiða, segir hún.

Þuríður segir að það fari mjög vel um fjölskylduna í Kragrö. Við höfum góð laun og vinnutíminn veitir okkur svigrúm til þess að vera mikið saman á daginn og sinna áhugamálum okkar. Þá seldum við hús sem við áttum og byggðum nýtt einbýlishús og fluttum inn í sumar. Svo kom þriðja barnabarnið mitt í heiminn fyrir skömmu og það var yndislegt að koma heim og hitta fjölskylduna og sjá drenginn, sagði Þuríður að lokum.

Ertu á hraðferð?

Bílaapótek - lyfin beint í bílinn

Hröð afgreiðsla opið kl. 10–23 alla daga vikunnar.

Einnig innangengt apótek sem er opið virka daga kl. 10–18 og laugard. kl. 10–16.



**Við erum í
Hæðasmára,
við hliðina á
Smáralind**



Lyfjaval

Lyfjaval APÓTEK • Mjódd • Álftamýri

BÍLAAPÓTEK

Lyfjaval.is • sími 577 1160



Sjúkrasjóður Eflingar

Skerpir á reglum um skil á gögnum



Okkar bestu jóla og nýársóskir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Með umsókn um styrki úr Sjúkrasjóði Eflingar þarf framvegis að skila ljósriti af síðasta launaseðli. Allir styrkir og dagpeningar eru tekju- tengdir og miðaðir við innkomin iðgjöld til sjóðsins og því er nauðsynlegt og beinlínis hagur umsækjanda að reiknað sé út frá nýjustu upplýsingum um iðgjöld.

Guðrún Óladóttir, sviðsstjóri Sjúkrasjóðs segir að talsvert sé um að launagreiðendur trassi að skila iðgjöldum til félagsins, oft svo mánuðum skiptir og hafa vanskil aukist til muna, en þótt svo sé á það ekki að bitna á viðkomandi launafólki. Þess vegna segir hún einmitt mjög mikilvægt að hafa launaseðilinn sem sönnun þess hvaða félagsgjald sé dregið af umsækjanda.

Þá virðast margir launagreiðendur ekki hafa fylgst með því að Lífeyrissjóðurinn Framsýn starfar ekki lengur og séu þeir enn að senda skilagreinar rafrænt á Framsýn eiga þeir að fá þær í hausinn en gera sér kannski ekki grein fyrir því að nýr lífeyrissjóður Gildi-lífeyrissjóður hefur tekið við af Lífeyrissjóðnum Framsýn. Öllum iðgjöldum ber að skila til Gildi-lífeyrissjóðs, vefang www.gildi.is.

Um 500 umsóknir berast Sjúkrasjóðnum mánaðarlega. Rúmlega þriðjungur þeirra er ófullnægjandi þar sem ýmis gögn vantar og veldur það óþarfa töfum á úthlutun úr sjóðnum og miklu álagi.

Framvegis verður sú breyting gerð vegna umsókna um dagpeninga að umsækjandi fær möppu með umsóknareyðublaði, starfsvottorði og umsókn um dagpeninga hjá Tryggingastofnun afhenta og skilar síðan fullnægjandi umsókn aftur til sjóðsins.

Gögn sem umsækjandi þarf að skila með umsókn um dagpeninga eru: Starfsvottorð frá vinnuveitanda, ljósrit af sjúkradagpeningavottorði frá lækni (frumrit fer til Tryggingastofnunar), ljósriti af síðasta launaseðli, yfirlit yfir aðrar greiðslur sem umsækjandi nýtur og teljast ígildi launa svo sem lífeyris-, örorku eða tryggingabætur og skattkort, ella verða dagpeningar að fullu skattlagðir. Dagpeningar og styrkir eru greiddir út mánaðarlega, um mánaðamót og þurfa gögn að berast sjóðnum í síðasta lagi 20. hvers mánaðar til að hljóta afgreiðslu.

Í desember er síðasti skiladagur 15. desember þar sem greitt er út fyrir jólin.



Hafðu helmingi meira gagn af þínum fjármunum!



Pitt framlag

Mótframlag
launagreiðanda

Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Tryggvi Marteinsson skrifar

Omarktækur ráðherra



Tryggvi Marteinsson

Ástæða þess að ég skrifa þessar línur er sú að nú ofbýður mér. Fyrir tveimur árum keypti ég mína fyrstu íbúð og af því tilefni settist ég niður með þjónustufulltrúanum mínum í bankanum og fórum við yfir stöðuna. Það kom í ljós að ég átti rétt á vaxtabótageiðslum sem hluta af fjármögnun íbúðarinnar. Ég hefði auðvitað átt að gera mér grein fyrir því að íslensk stjórnvöld hafa aldrei sömu stefnuna gagnvart þegnum landsins tvö ár í röð. Enda kom það á daginn og hið rétta eðli stjórnámálanna kom í ljós hjá ráðherra fjármála sem hefur bæði reynst ómarktækur og óheildarlegur í þessu máli.

Þegar ég leitaði til þjónustufulltrúa míns við íbúðakaupin var reiknað og reiknað og meðal þess sem tekið var með í útreikningana voru vaxtabætur frá stjórnvöldum. Þóttu mér undur og stórmerki að ég gæti fengið greiðslur frá ríkissjóði en hingað til hafði ég ávallt greitt til ríkissjóðs en ekki fengið tilbaka. Engu að síður var það niðurstaðan að ég greiddi svona mikið í vexti og afborganir að vaxtabætur kæmu á móti til að ráða við þetta. Leið nú eitt ár og viti menn. Undirritaður fær greiddar milli 150 og 160 þúsund krónur í vaxtabætur.

Nú bregður svo við að vegna verðbólgu rjúka vaxtagreiðslur upp úr öllu

valdi. Þá tekur ráðherra fjármála þá skringilegu afstöðu að í stað þess að hækka vaxtabætur verulega vegna vaxandi greiðslubyrði almennings afnemur hann þær með öllu. Þar réði ekki fjárskortur ríkissjóðs ferð því slíkur er afgangur á sjóðnum að fá dæmi eru um annað eins.

ASÍ fær loforð um leiðréttingar

Við álagningu skatta í ár kom fram að undirritaður fékk engar vaxtabætur. Þó hefur sú breyting ein orðið á mínum högum að skuldir mínar og afborganir eru verulega hærri en árið áður. Eftir mikið japl og jaml og fuður er síðan gengið frá samkomulagi ASÍ og ríkisstjórnar um að verði **marktækur** munur á þessum greiðslum, þá verði það leiðrétt þegar allar upplýsingar um álagningu og niðurstöður þeirra liggi fyrir með haustinu. Þetta hefur nú verið svikið í bak og fyrir.

Hvað er marktækur munur?

Nú spyr ég ráðherrann. Er að hans mati marktækur munur á fullum vaxtabótum (100 %) og engum vaxtabótum? Ef svo er, ber þá ekki að leiðrétta þann mun miðað við samkomulag ASÍ og ríkisstjórnar? Vonast ég eftir svari sem fyrst frá ráðherra fjármála.

Það hefur lengi tíðkast hér á landi að ráðherrar segi eitt og geri annað.

Almenningur virðist vera búinn að setta sig við óheildarleikann sem fylgir heitinu ráðherra. Þó er möguleiki á að þessi afstaða almennings sé að breytast þar sem við sjáum að í nágrannalöndum okkar komast þessir menn ekki upp með þetta. Er ekki rétt að fjármálaráðherra standi við fyrirheitin um vaxtabætur til vinnandi fólks í stað þess að rífa undan fólki forsendur að kaupsamningum íbúða sem gerðir voru í góðri trú.

Vona ég síðan að hæstvirtur fjármálaráðherra sem er dýralæknir að mennt hafi komið betur fram við málleysingjana en okkur mennina.

Tryggvi Marteinsson er félagsmaður og starfsmaður Eflingar

Eftir mikið japl og jaml og fuður er síðan gengið frá samkomulagi ASÍ og ríkisstjórnar um að verði **marktækur** munur á þessum greiðslum, þá verði það leiðrétt þegar allar upplýsingar um álagningu og niðurstöður þeirra liggi fyrir með haustinu. Það hefur nú verið svikið í bak og fyrir

Umönnun aldraðra

Félagsliðanám fyrir erlenda starfsmenn

Stór hópur starfsmanna af erlend-um uppruna hefur unnið í mörg ár á hjúkrunarheimilum á höfuðborgar-svæðinu. Þessir starfsmenn búa orðið yfir góðri þekkingu á íslensku og hafa einnig margir sótt starfstengd námskeið á vinnustöðum. Hugað hefur verið sérstaklega að námsbraut fyrir þá og hefur nú verið ákveðið að bjóða upp á félagsliðanám fyrir þennan starfshóp.

Gert er ráð fyrir að þeir sem sækja námið hafi lokið öllum námskeiðum Eflingar-stéttarfélags í umönnun aldr-

aðra.

Stefnt er að því að þessi hópur hefji námið um miðjan janúar næstkomandi.

Kennt verður tvisvar í viku fyrri hluta tímans og einu sinni í viku seinni hluta tímans.

Veittur verður sérstakur stuðningur í íslensku með samþættingu inn í námið og með því.

Á undirbúningsfundum með yfirmönnum og fræðslustjórum á hjúkrunarheimilum hefur komið fram að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu og menntun fyrir starfsmenn í umönnun aldraðra.



Leikskólabrúin

Mikilvægt nám fyrir starfsmenn og leikskólana

Það var skemmtilegt að heimsækja hóp leikskólastarfsmanna sem hóf nám í leikskólabrú á haustdögum. Tilefnið var að rabba við nemendur og færa þeim um leið merktar töskur frá Eflingu undir námsefnið. Nemendur voru að fóta sig í nýja námsefninu og þótti gott að fá

traustar umbúðir um námsefnið.

Leikskólabrúin stendur yfir í fjórar annir sem ná yfir tveggja ára tímabil.

Þessi mikilvægi starfsmannahópur er að leggja mikið af mörkum til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði og til að bæta við þekkingu og færni starfsmanna leik-



skólanna.

Efling-stéttarfélag mun fylgja hópnum eftir og færa fréttir af náminu.



Öryggisskór á LHS

Heiða afhendir Þórunni Rögnvaldsdóttur og Arndísi Óskarsdóttur skóna. Þórunn er með lengstan starfsaldur og Arndís hefur unnið í eldhúsinu í 25 ár

Í lok október afhenti Heiða Björk Hilmisdóttir, forstöðumaður eldúss og matsala Landsspítala Háskólasjúkrahúss starfsfólki í eldhúsi sérstaka öryggisskó,

sem uppfylla kröfur til slíks búnaðar af hálfu LHS. Hingað til hafa starfsmennirnir þurft að bera kostnað við kaup á öryggisskóm sjálfir og sagðist Heiða,


vonast til þess að þetta framtak gæti létt eitthvað undir og skapað aukið öryggi á vinnustaðnum.

Gefðu íslenskt!

Listmunir - lopapeysur - sokkar og vettlingar

Íslenskt handverk - gærur og skinn

ullarteppi - lopi og band



ÁLAFÖSS

Opið:

Mánud. - föstud. 9:00 - 18:00

Laugardaga 9:00 - 16:00



Erlendir starfsmenn

Stuðningur til nýrra tækifæra

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Á vegum Eflingar-stéttarfélags fer fram margþætt vinna við að búa félagsmönnum sem fjölbreyttastar upplýsingar og kynna vel starfsemi félagsins. Þetta á við um alla félagsmenn í Eflingu en á síðustu árum hefur verið sérstaklega hugað að þörfum erlendra félagsmanna, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar.

Á undanförunum árum hefur félagsmönnum af erlendum uppruna fjölgað mjög og hefur félagið því sniðið mörg

verkefni að þörfum mismunandi hópa. Nú nýlega lauk námskeiði fyrir starfsmenn í eldhúsum og mótuneytum en um þriðji hluti hópsins eru erlendir starfsmenn. Þau fengu sérstakan stuðning við hluta námsins með íslensku í forgrunni. Þessi stuðningur var mjög mikilvægur því með honum tókst öllum að ljúka námskeiðinu.

Með slíkum stuðningi skapast ný tækifæri fyrir einstaklingana sem eru að sækja sér menntun því mörg þeirra hafa mikla menntun frá sínu heimalandi sem mun

nú nýtast þeim enn betur í framtíðinni. Framhald verður á þessu námskeiði eftir áramót og vonandi koma allir á framhaldsnámskeiðið.

Mikilvægi samþættingar og virðingar við hvern einstakling er undirstaðan fyrir að mannauður hvers og eins fái notið sín. Við erum öll jafn mikilvæg hvaðan sem við komum úr heiminum.

Þetta er aðeins eitt af þeim dæmum þar sem unnið er með fjömenningarlegum hætti til að ná sem bestum árangri í að allir geti notið sín á vinnumarkaðnum.

Ánægðir Trúnaðarmenn í Reykholti

Í byrjun október fóru trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannanámsskeiði II í námsferð í Reykholt í Borgarfirði. Gist var í eina nótt og sáu kennarar frá Mími-símenntun um að fræða trúnaðarmennina um samtaltækni, rökstuðning og skipulögð vinnubrögð við úrlausn verkefna. Þátttakendur lýstu yfir ánægju með árangurinn á námskeiðinu og töldu að fleiri svona ferðir mundi styrkja stöðu trúnaðarmanna í framtíðinni.



Trúnaðarmennirnir stilltu sér upp fyrir myndatöku í skjóli við hótelið í Reykholti fyrir strekkings vindi úr norðri og talsverðum kulda



Gæði frá Borgarnesi



ÞEGAR HRÁEFNIÐ SKIPTIR MÁLI

Vinnustaðaheimsókn



Unnur Rúnarsdóttir

Gleðilega hátíð



ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að líða.

Fagmennska í áratugi

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. Fyrirtækið býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði, umsjón með mótuneytum, þríf og eftirlit með loftræstikerfum og fl.

ISS leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.



Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600, fax 5 800 666
Akureyri: Strandgata 1, sími 5 800 600, fax 462 7575
Heimasíða: www.iss.is

Fyrirtækið Ísflug hóf starfsemi árið 1979 og rekur sláturhús, kjötvinnslu og dreifingarstöð fyrir afurðir alifugla og slátrar kjúklingum, kalkúnnum og unghænum allan ársins hring. Hjá fyrirtækinu vinnur fjöldi félagsmanna Eflingar og Fréttablað Eflingar tók starfsmenn tali á dögnum.

Kalkúnar vinsælir um jól og páska

- segir Unnur Rúnarsdóttir

Í þökkunardeildinni hittum við Unni Rúnarsdóttur, verkstjóra. Hún hóf störf hjá fyrirtækinu fyrir nýu árum og segir að mikil aukning hafi orðið á framleiðslunni og vöruúrvali hjá þeim undanfarin ár. Ástæðuna segir hún vera mikla eftirspurn eftir fuglakjöti og sérstaklega í fersku kjöti. Unnur segir að vinnutími sinn hefjist klukkan sjö á morgnana og ljúki klukkan fjögur á daginn og þá sé oftast búið að slátra 3500 til 4000 fuglum. En á föstudögum slátrum við eingöngu kalkúnnum og þeir eru sérstaklega vinsælir fyrir jól og páska. Bringurnar eru úrbeinaðar og lagðar í hvítlauks- og hunangsmarineringu og þær eru algjört lostæti, sagði hún.

Vilborg Þorsteinsdóttir

Góð samskipti á vinnustaðnum

Vilborg Þorsteinsdóttir er verkstjóri í sláturpökkun og hefur unnið hjá Ísfugli í þrjú ár. Hún segist sjá um að pakka vörum beint úr slátrun og setja þær í frysti eða senda í verslanir.

Tuttugu og þrír félagsmenn vinna hjá fyrirtækinu og er vinnutími flestra starfsmanna frá klukkan átta til fjögur á daginn. En stundum vill teygjast á pökkuninni og þá vinnum við lengur, segir hún.

Margir erlendir starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu og það er hörkuduglegt fólk og samskiptin á vinnustaðnum gangi mjög vel.

Hvað launin varðar þá vill maður alltaf meira. En ég er nokkuð sátt við launin mín eins og þau eru núna, segir hún.

Aðspurð um vinnuáðstöðuna segir hún að starfsfólkið hafi aðgang að mötuneyti og hreinlætisaðstaðan sé mjög góð.

Við erum nýbúin að stofna starfsmannafélag og til stendur að halda grillveislu fljótlega. Ef veðrið verður vont látum við karlana sjá um að grilla úti og borðum í matsalnum.

Þegar Vilborg er spurð hvort ekki sé eitthvað fleira skemmtilegt framundan hjá þeim segir hún að undanfarin ár hafi fyrirtækið boðið starfsfólkinu á jólahlaðborð og hún hafi fulla trú á því að svo verði líka fyrir þessi jól. Í fyrra fórum við til Kaupmannahafnar og héldum



Vilborg Þorsteinsdóttir

árshátíð og skemmtum okkur alveg konunglega og ég hefði ekkert á móti því að

slík ferð væri endurtekin, sagði Vilborg að lokum.

Skemmtilegir vinnufélagar

-segir Ruben Rohas

Næst rákumst við á Ruben Rohas sem var að þrifa tæki og annan búnað í sláturhúsinu. Hann sagðist hafa verið ráðinn í sumarvinnu við slátrun og önnur verk sem til féllu. Aðspurður sagði hann að vinnufélagarnir væru skemmtilegir og launin þökkaleg og honum þætti gott að vinna hjá Ísfugli.



Ruben Rohas

Rétu hjálparhönd

Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.

Fjölbreytt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.

Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**

Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.

www.kopavogur.is

Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.



Félagsþjónusta
Kópavogs



Örorkumál í brennidepli

Mismunandi staða **opinberra** og **almennra** lífeyrissjóða

-segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Á undanförunum mánuðum hefur mikil og alvarleg umræða átt sér stað um réttlætið í örorkumálum starfs-

mannna á almennum vinnumarkaði. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir sem sæti á í stjórn Gildis Lífeyrissjóðs segir að

sjóðirnir á almenna markanum hafi alla tíð axlað verulega byrði af örorku en ljóst sé nú að há örorka í vissum sjóðum geti endað með því að skerða verði hinn almenna sjóðfélagi. Það er grundvallaratriði að lífeyrissjóðirnir verða að geta staðið við skuldbindingar sínar við sjóðfélagi. Munurinn er sá að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og sjóðir sveitarfélaganna eru baktryggðir og geti einfaldlega sótt sér aukið fjármagn í ríkissjóð eða bæjarsjóði sem er tekið af skattfé. Þetta geta almennu sjóðirnir ekki.

Samkvæmt fréttum vantar nú 220 milljarða upp á að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga eigi fyrir skuldbindingum sínum. Stjórnvöld hafa á þessu ári tekið tugi milljarða af söluhagnaði einkavæðingar til að létta á lífeyrisskuldbindingum ríkisins. Sama á við um Reykjavík og Akureyri nú á síðustu dögum við sölu á sínum hluta Landsvirkjunar sem hyggjast nota stóran hluta andvirðis til að grynna á milljarða lífeyrisskuldbindingum. Þórunn segir mikilvægt að fólk geri sér vel grein fyrir þessum gríðarlega mun lífeyrissjóðanna og felli ekki dóma sem byggjast á vanþekkingu.

Það er alveg ljóst, segir Þórunn að þessir sjóðir yrðu að skerða réttindi sinna sjóðfélaga eins og fjárhagsstöðu þeirra er komið, ef þeir nytu ekki bakabyrgðar ríkis og sveitarfélaga. Það má auðvitað spyrja sig að því hvaða réttlæti er svo sem fólgið í þessu svo ekki sé minnst á lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra sem er svo kaflí út af fyrir sig. Ég nefni þetta hér þar sem ýmsir þingmenn hafa látið orð falla um afstöðu lífeyrissjóðanna á almenna markaðnum en þar sýnist mér nú menn tala úr stóru glerhúsi.

Frestað framkvæmd leiðréttingar

Í lok október var tekin ákvörðun um að fresta framkvæmd leiðréttingar á örorkugreiðslum Gildi Lífeyrissjóðs. Ástæða frestunarinnar er að ekki var nægur tími gefinn fyrir þá sem voru að koma með gögn til sjóðsins varðandi tekjur sínar fyrir örorkumatið. Sent var bréf til hópsins þar sem betur var útskýrt hvað tekjutímabil mætti leggja til grundvallar við útreikning á niðurstöðu hvers og eins.

Mjög mikilvægt er að fólk noti þennan frest til að láta skoða sín mál svo niðurstaðan verði sem réttust þegar kemur að því að framkvæma tekjuviðmiðin í upphafi næsta árs.

Aldrei of seint að ganga menntavegin

Grunnnám í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði fyrir 16 ára og eldri.

Mikil áhersla lögð á að kenna góða námstækni. Próf eru í boði fyrir þá sem vilja.

Námið hentar þeim

- sem þurfa að ná grunnskólaprófi til að komast í framhaldsskóla,
- vilja rifja upp eða bæta við þekkingu sína,
- vilja geta aðstoðað börn sín við heimanámið

Skráning í síma
567 7050

Námsflokkar Reykjavíkur

Sjúkrasjóður Eflingar-stéttarfélags



Það er gott að eiga góða að!

Slys eða veikindi gera ekki boð á undan sér. Þegar heilsan bílar er fyrsta hugsunin auðvitað að ná heilsu á ný. Það að takast á við veikindi, eða afleiðingar slysa, er nógu erfitt þó að fjárhagsáhyggjur bætist ekki við álagið á fjölskylduna. Markmið Sjúkrasjóðs Eflingar - stéttarfélags er að losa fólk undan fjárhagsáhyggjum með því að greiða því dagpeninga. Félagið vinnur auk þess að heilsueflingu og fyrirbyggjandi aðgerðum sem snertir öryggi og heilsufar.

– Mikil ánægja hefur ríkt meðal félagsmanna með sjúkrasjóðinn og töldu 99% félagsmanna sjóðinn vera nauðsynlegan þátt í starfi félagsins í könnun sem Gallup gerði fyrir félagið.



EFLING
STÉTTARFÉLAG
Stendur með þér!

Námskeið hjá borginni

Bætir starfsanda og skilning



Gjúfrasteinn
HÚS SKÁLDSINS
Rakven

Gjúfrasteinn býður gesti velkomna

- Hljóðleiðsögn um húsið á íslensku, ensku, þýsku og sænsku
- Margmiðlunarsýning
- Minjagripaverslun
- Gönguleiðir í nágrenninu

1. september - 31. maí:

Opið alla daga nema mánudaga frá kl. 10 - 17

1. júní - 31. ágúst:

Opið alla daga frá kl. 9 - 17

Njóttu menningar og útivistar í Mosfellsdalnum



Sími 586 8066 / gjufrasteinn@gjufrasteinn.is / www.gjufrasteinn.is

Nú var í annað sinn haldið námskeið fyrir starfsmenn umhverfis- og framkvæmdasviða borgarinnar. Þessi námskeið hafa mælt mjög vel fyrir og er eftirspurnin sífellt að aukast. Þeir sem setið hafa námskeiðin eru nánast allir á einu máli um að þessi kennsla hafi gagnast þeim vel og geri þá að hæfari starfsmönnum. Einnig segja margir að námskeiðið bæti starfsandann og auki skilning þeirra á starfsemi borgarinnar og því hvar þeir eru staddir í því stóra fyrirtæki sem Reykjavíkurborg er.

Framhaldsnámskeið verður haldið á vorönn en það er nú í undirbúningi.



VISSIR ÞÚ AÐ

Sjúkrasjóður styrkir sjúkráþjálfun félagsmanna um allt að 950 krónur hvert skipti*

* Miðast við að félagsmaður hafi greitt í félagið síðastliðna 12 mánuði samfelld. Hámarksstyrkur miðast við að iðngjald sé kr 12.400 eða meira, annars er greitt hlutfall miðað við innkomin gjöld.

Ólík störf gefa tilefni til skemmtilegra umræðna

- segir Sigurður Rúnar Magnússon

Sigurður Rúnar Magnússon er flokks-
tjóri í Hverfisstöð í Jafnaseli í Breiðholti.
Hann segir að námskeiðið hafi snúist
um mannleg samskipti og kynningu á
starfsemi borgarinnar. Við ræddum um
samskipti okkar við borgarbúa og hvern-
ig megi bæta þau. Svo höfum við líka
rætt um samskiptin við vinnufélagana
og yfirmenn og sú umræða var líka mjög
gagnleg, segir hann. Flestir þátttakendur
hafi mætt í 40 kennslustundir tvo daga
í viku og námskeiðið hefur verið bæði
fróðlegt og skemmtilegt. Við vinnum
líka ólík störf og það gaf oft tilefni til
skemmtilegra umræðna, sagði Sigurður
að lokum



Sjáum möguleika í framtíðinni

- segir Sif Hrafnisdóttir

Sif Hrafnisdóttir vinnur í Hverfisstöð
3 á Miklatúni. Hún sagðist hafa unnið í
fimm sumur hjá borginni og núna hefði
hún ákveðið að vinna í vetur. Aðspurð
um námskeiðið segir Sif að helstu náms-
greinar hafi verið samskipti, líkamsbeit-
ing, öryggisþættir, heilsuefning og starfs-
mannasamtöl. Hún segir líka að það
hafi verið fróðlegt að sjá hvernig Reykja-
víkurborg lítur út sem raunverulegt fyr-
irtæki og hvaða möguleika starfsfólkinu
verður boðið uppá í framtíðinni.

Fagnámskeið I var unnið með Mími
- símenntun fyrir starfsmenn hjá Um-
hverfissviði og Framkvæmdasviði
Reykjavíkurborgar.

Námsráðgjöf á vinnustað

Efling mun halda áfram að bjóða námsráðgjöf í vetur í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar. Tilgangurinn er að hvetja og aðstoða félagsmenn við að auka menntun sína og veita upplýsingar um námskeið og námsleiðir og kynna möguleika á styrkjum úr fræðslusjóðum.

Námsráðgjöfin fer þannig fram að náms og starfsráðgjafi kemur á vinnustaðinn og heldur stutta kynningu. Síðan er þeim starfsmönnum sem þess óska, boðið að skrá sig í einstaklingsviðtal, sem fer fram nokkrum dögum síðar í samráði við stjórnendur eða trúnaðarmann á vinnustaðnum. Óski félagsmenn eftir námsráðgjöf utan vinnustaðar er hægt að bóka tíma hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis-símenntunar í Faxafeni 8. Síminn er 580 1800.

Nánari upplýsingar veita Ragnar Óla-



Sigrún Þórarinsdóttir og Sigríður Dís Gunnarsdóttir, námsráðgjafar hjá Mími ásamt Þórunni H. Sveinbjörnsdóttir hjá Eflingu, kynna námsráðgjöf á vinnustöðum fyrir starfsfólki í edhúsi LHS

son og Atli Lýðsson hjá Eflingu í síma 510 7500 og náms- og starfsráðgjafar

Mímis-símenntunar í síma 580 1800 og á vefsíðu mimir@mimir.is.

SELTIN

SALT • KRYDDSAFT • JURTA SALT

- Seltin fæst bæði fínt og gróft
- Seltin er hollara en venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
- Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
- Seltin þegar þú vilt minna salt en sama bragð
- Seltin í alla matargerð í stað venjulegs salts

Hverjar eru launahækkanir um áramót?



- Á almennum vinnumarkaði **2,9%**
- Hjá ríkinu/hjúkrunarheimilum/
sjálfseignarstofnunum **2,9%**
- Hjá Reykjavíkurborg **3%**
- Hjá Kópavogi/Seltjarnarnesi/Mos-
fellsbæ **3%**



Pólskur matur sem frábært er að prófa!

Bigos Staropolski

Aneta Matuszewska er pólsk en hún kom til Íslands til að annast börn fyrir tæpum 6 árum. Hún hefur síðan eignast fjölskyldu hér á landi og er nú

starfsmaður á leikskólanum Blásölum en hefur líka verið að kenna pólsku í Mími auk þess að túlka fyrir Pólverja á fundum hjá Eflingu. Við leituðum til

hennar um að fá uppskrift af pólskum rétti til að birta í Eflingarblaðinu.

Hér kemur uppskrift af Bigos Staropolski

1.5 kg súrt hvítkál
0.5 kg svínagúllas
0.5 kg nautagúllas
30 g bayonskinka
0.5 kg af pólskum pylsum
(til dæmis zyczejna)
12 þurrir villisveppir
10 þurrkaðar plómur

5 stk pipar
5 stk English herbs
2 lárberjablöð
2 lauka
1 matsk. hunang
1 glas af rauðvíni
salt, pipar
Svínafeiti til steikingar

Hvítkálið er skorið niður í litla bita og sett í stóran pott og soðið í litlu vatni með öllum kryddum.

Villisveppirnir eru soðnir í litlu vatni í 20 mínútur. Síðan skornir í litla bita. Soðið sett út í súrkálið. Allt kjöt nema pylsurnar skorið í smáa bita og steikt á pönnu í svínafeiti. Kjötið á að vera mjúkt og tilbúið til að borða það. Þá er kjötið, sveppir og laukurinn sett út í súrkálið og soðið við lágan hita í klukkustund. Pylsunum bætt í síðustu mínúturnar.

Að lokum eru settar úti þurrkaðar, smátt skornarplómur og hunang og rauðvín.

Pólverjar mæla með og segja að Bigos sé því betra sem það er eldra til dæmis nokkra daga gamalt úr kælskápi og mjög gott upphitað.

Best með nýbökuðu brauði og smjöri Smaczneho - Verði ykkur að góðu!



Aukin kraftur í daglegu lífi

Hreyfing fyrir alla

Eftir því sem árin færast yfir gerir fólk sér betur grein fyrir hversu verðmæt heilsan er. Hreyfing er dæmi um frábæra heilsurækt sem eflir okkur andlega, líkamlega og félagslega. Þannig getur hreyfing dregið úr hættu á fjölmörgum sjúkdómum s.s. stoðkerfisvandamálum og geðröskunum og hefur einnig reynst árangursríkt meðferðarúrræði. Umfram allt veitir hreyfing aukinn kraft til að takast á við verkefni daglegs lífs og sinna því sem okkur er kærast s.s. fjölskyldu og vinum. Þannig hefur kyrrsetufólk, sem taldi sig vera í of mikilli tímaþröng og of þreytt til að stunda hreyfingu, uppgötvað hvernig aukin orka samhliða aukinni hreyfingu getur í raun „bætt tíma“ við sólarhringinn.

Hreyfing til heilsubótar, raunhæft markmið fyrir vinnandi fólk?

Öll hreyfing er betri en engin en almennar ráðleggingar miða við að fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur daglega og börn hreyfi sig í minnst 60 mínútur daglega. Aukinni hreyfingu fylgir vissulega aukinn ávinn-

ingur en hins vegar er ljóst að hreyfing þarf ekki að vera tímafrek til að skila bættri heilsu og vellíðan.

Aukin hreyfing, hvað þarf til?

Oft reynist þrautin þyngrri að byrja að hreyfa sig og viðhalda reglulegri hreyfingu.

Einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu er að flétta hana sem mest inn í daglegt líf.

Er þá gott að staldra við og skoða hreyfimyndir í daglegu lífi. Hversu mikil hreyfi ég mig í vinnunni, heima við og frístundum? Hvernig ferðast ég á milli staða? Vel ég stigann eða lyftuna? Ýtir klæðnaður minn undir hreyfingu? Hvað fer langur tími daglega í sjónvarpsáhorf eða óvinnutengda setu við tölvuna? Gæti ég með betra skipulagi gengið, hjólað eða nýtt almenningssamgöngur einhverja eða alla daga? Hvernig er hreyfimyndur fjölskyldunnar?

Mikilvægast er að hver og einn finni þá leið sem honum/henni hentar og velji hreyfingu í samræmi við getu og áhuga. Sumum hentar að skipuleggja sjálfir sína hreyfingu á meðan mörgum, ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað, finnst betra að taka þátt í skipulagðri hreyfingu þar sem stuðnings þjálfara nýtur við. Ekki spillir fyrir ef hreyfingin er í nágrenni við vinnustað eða heimili og æfingafélagarnir eru jákvæðir og skemmtilegir.

Hreyfing fyrir alla – Skipulögð hreyfing fyrir þá sem vilja stuðning

Til þess að fjölga tilboðum á skipulagðri hreyfingu fyrir fullorðna og eldra fólk munu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Lýðheilsustöð og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, standa fyrir tilraunaverkefninu Hreyfing fyrir alla árið 2007, í samstarfi við viðeigandi aðila á tilteknum svæðum. Verkefninu er ætlað að sinna þeim fjölmörgu einstaklingum og hópum sem skortir hvatningu og stuðning til að hreyfa sig meira en hafa ekki áhuga á eða getu til að nýta sér þá þjónustu sem þegar er í boði. Þjálfari mun bjóða upp á fjölbreytta þjálfun fyrir almenning í tengslum við íþróttamannvirki en getur einnig farið á milli staða og t.d. boðið upp á þjálfun í tengslum við stærri vinnustaði.

Frá og með janúar árið 2007 verður þessi þjónusta í boði á tilteknum tilraunasvæðum en vonast er til að fleiri staðir bætist í hópinn í framhaldinu. Áhugasamir geta fengið nánari upplýsingar um þau tilboð sem verða í boði á vef Lýðheilsustöðvar www.lydheilsustod.is.

Efling hefur verið skipuleggjendum innan handar við undirbúning verkefnisins og mun leggja sitt af mörkum við framkvæmd þess.

Frá og með janúar árið 2007 verður þessi þjónusta í boði á tilteknum tilraunasvæðum en vonast er til að fleiri staðir bætist í hópinn í framhaldinu

Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags



Það getur verið erfitt að kenna gömlum hundi að sitja!

- en mannfólkið getur alltaf bætt við sig þekkingu

Fræðslumál félagsmanna Eflingar eru mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Eflingar - stéttarfélags. Félagið, og fræðslusjóðir sem það á aðild að, styrkja félagsmenn fjárhagslega til að sækja sér starfsmenntun, almenna menntun og tómstundanám að eigin vali.

Einnig skipuleggur félagið nýja fræðslumöguleika fyrir starfsgreinahópa og stendur reglulega að náms- og fræðsluráðgjöf fyrir félagsmenn sína.

Efling - stéttarfélag stendur að auki fyrir miklu úrvali af félagslegum námskeiðum, bæði fyrir trúnaðarmenn og almenna félagsmenn.

- Hafðu samband og athugaðu hvað Efling getur gert fyrir þig í fræðslumálum.



Stendur með þér!



Hvarf í hafið með háfinn

Tilbúinn í slaginn aftur næsta sumar

- segir Guðlaugur Bjarnason, hvalfangari

Hvalveiðar íslendinga hafa verið mikið til umræðu undanfarnar vikur og stór orð látin falla um veiðarnar. En minna hefur verið fjallað um hval-

veiðar sem voru stundaðar af erlendum vísindamönnum við Íslandsstrendur í sumar og þóttu takast mjög vel. Guðlaugur Bjarnason, hvalafang-

ari og stjórnarmaður í Eflingu þekkir vel til ferða þessa hóps. Því var hann fenginn til að aðstoða við undirbúning leiðangursins og útbúa bát til fararinnar.

Guðlaugur segir að Jeff Foster, sem hafði umsjón með Keikó í Vestmannaeyjum á sínum tíma hafi hringt í sig og spurt hvort að hann hefði áhuga á að taka þátt í veiðum á lifandi höfrungum. Hann svaraði því játandi og í framhaldi af því hafði Marianne Rasmussen, leiðangursstjóri samband. Hún hefur stundað rannsóknir við Garðskaga sl. 5 ár á hljóðum sem höfrungar gefa frá sér og hefur náð það góðum árangri að hún fékk styrk til þess að fara í þennan leiðangur. Marianne hefur m.a. uppgötvað að höfrungarnir eru með miklu herra hljóðsvið en hvalir yfirleitt.

Það gekk vel að finna bát og útvega annan búnað. Vísindamennirnir komu svo með afganginn af búnaðinum þegar þeir komu til landsins um miðjan júlí.

Guðlaugur segir að fyrstu tvær vikurnar hafi farið í að koma fyrir tækjum og vinna við frekari breytingar á bátinum þar sem hann lá við bryggju í höfninni í Keflavík. Að því loknu var siglt



til Sandgerðis og hópnum komið fyrir í Fræðslusetrinu. Þar var ágætis svefn- aðstaða og aðstaða til að elda mat.

Höfrungar bregða á leik

Marianne stakk upp á því að við reyndum fyrir okkur við Garðskaga og vegna reynslu hennar af því svæði var- hópurinn því samþykktur. Enda kom í ljós að þar voru margir höfrungar og þeir brugðu strax á leik þegar þeir urðu varir við bátinn.

Að sögn Guðlaugs fóru veiðarnar ekki nógu vel af stað. Við snöruðum höfrung fyrsta daginn. En hann náði að smokra sér úr netinu og hvarf í hafið með háf- inn í eftirdragi. Skömmu seinna sást til háfsins á sjónum og þá léttest brúnin á mannskapnum, segir hann. Guðlaugur segir líka að þegar vísindamennirnir sáu að höfrungurinn var laus við háfinn, hafi þeir ákveðið að halda til Sandgerðis og láta smíða stærri háf til þess að dýrin ættu auðveldara með að fara í gegnum hann og í netið. Svo létum við líka festa öryggislinu í háfinn til að hann tapaðist ekki, þó að hann væri rifinn úr hönd- unum á okkur.

Ánægja með rannsóknirnar

Þegar háfurinn var tilbúinn sigldum við á sömu slóðir og þá gengu veiðarnar betur. Við tókum tvo höfrunga um borð og vísindamennirnir gátu stundað rannsóknir sínar á dekkinu við góðar aðstæður. Þegar þeim var lokið var



gervitunglamerki komið fyrir á öðrum höfrungnum áður en honum var sleppt aftur í sjóinn. Almenn ánægja ríkti með- al vísindamanna með árangur úr rann- sóknum sem þeir unnu að í ferðinni og það hefur komið til tals að fara í annan leiðangur næsta sumar og halda þessum rannsóknum áfram. Ef af því verður er ég tilbúinn í slaginn aftur, segir hann. Guðlaugur segist hafa verið ráðinn sem skipstjóri á bátinn. Þá hafi Jeff vantað einhvern til að aðstoða sig í sjónum við að fanga höfrungana og koma þeim í róluna og sleppa þeim aftur. Ég fékk son minn, Kristinn R. Guðlaugsson, sem er björgunarsveitarmaður úr Búðardal, til þess að taka það hlutverk að sér. Hann

hafði enga reynslu af svona veiðum og ég verð að segja að ég öfundaði hann mikið þegar hann fór í sjóinn með Jeff. Það hefur verið mitt hlutverk fram að þessu. En strákurinn stóð sig vel og Jeff hafði að orði að hann væri ekki síðri en ég við þessar aðstæður, sagði Guðlaugur og brosti.

Tilgangur rannsóknarinnar

Tilgangur leiðangursins var að rann- saka hvort höfrungar heyrðu öll hljóð sem þeir senda frá sér og hvar þeir halda til allt árið og segist Guðlaugur vilja þakka Olís, Útgerðarfélagi Hákonar Matthíassonar og OSN Lögnum fyrir stuðning við leiðangurinn.

Orkuveitan

Kaupauka- samningur samþykktur

Gerður hefur verið nýr samning- ur um kaupaukakerfi hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Samningurinn var sam- þykktur nýlega í atkvæðagreiðslu starfsmanna sem eru félagsmenn Efl- ingar-stéttarfélags, en samningurinn tekur einnig til iðnaðarmanna hjá fyr- irtækinu. Með samningnum verður grundvallarbreyting á fyrirkomulagi útreikninga kaupaukans hjá OR.


Aðal breytingarnar frá eldra kerfi eru þær að nú er innifalið í hverri verkei- ningu hversu mikinn kaupauka og tíma hver verkeining skuli fela í sér. Þar af



leiðandi verður skráning kaupauka sjálf- virk og sparast við það tími og pappír- kostnaður. Með þessu verða hagsmunir OR og starfsmanna þeir sömu þ.e. að selja sem flestar verkeiningar. Samn- ingurinn á þannig að einfalda kerfið og gera það sanngjarnara fyrir starfsmenn.

Í atkvæðagreiðslu starfsmanna OR sem eru í Eflingu - stéttarfélagi og starfa samkvæmt kaupauka var samningurinn samþykktur með 14 atkvæðum eða 58,3 % gegn 8 eða 33,3 %. Auðir seðlar voru 2 eða 8,4%.

Á kjörskrá voru 39 starfsmenn.



Lausnarorð:

Nafn: _____ *Vinnustaður:* _____ *Sími:* _____

Sími:

Heimili: _____ *Kennitala:* _____

Kennitala:

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 10. desember 2006.

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.


Svar þarf að berast fyrir 10. desember 2006.



Hrefna Magnúsdóttir heppin

Hrefna Magnúsdóttir, félagsliði hjá Félagsþjónustunni Aflagrandar hreppti vinning að upphæð 15. þúsund fyrir rétta lausn á krossgátu síðasta blaðs. Félagið óskar henni innilega til hamingju.

Lausn síðustu krossgátu



GLEÐIBOÐSKAPUR



Hefur þú áhuga á vinnu í góðum félagsskap?

Okkur vantar fleiri hendur til að hlúa að heimilisfólkinu okkar. Kynntu þér málið og hafðu samband við Magneu í síma 585 9529 eða magnea@hrafnista.is

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

Gefandi ströf með góðu fólki



HRAFNISTA



Mikilvægur árangur

Nýjar leiðir við mat á reynslu til starfsnáms

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Afar mikilvægt er að margra ára reynsla starfsfólks á vinnumarkaði sé metin bæði til launa og réttinda. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að slík reynsla sé metin inn í nám í formlega skólakerfinu. Þetta kemur fram í spjalli við Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur hér á eftir en nú er verið að skoða nýmæli í þessu efni.

Viða á Norðurlöndunum er fólk metið inn í nám miðað við stöðumat og við erum nú að feta okkur hægt en örugglega inn í þennan farveg, segir Þórunn

Það er mjög jákvæð umræða og aðgerðir í gangi sem miða að því að meta til eininga viðamikla reynslu og þekkingu fólks í tilteknu starfi með svokölluðu raunfærnimati. Það er mikill árangur að við erum að fá viðurkenningu fyrir þessu baráttumáli, segir Þórunn.

Sem dæmi um námsleiðir er félagslíðabruin og leikskólabruin þar sem fólk fær metin árin í vinnu við þessi störf. Öll námskeið og menntun sem þau hafa aflað sér má meta til styttingar á náminu.

Aðrar námsleiðir eru fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða. Væntanlega verður slíkt í boði fyrir aðrar námsleiðir auk þess sem skólakerfið hefur brugðist við þessu og er í auknum mæli að skoða feril fólks og reynslu.

Langt nám er mörgum mikill þyrnir í augum þar sem það er oft kostnaðarsamt að sækja sér menntun og margt launafólk með fjölskyldu á ekki kost á að hætta störfum til að hefja nám.

Viða á Norðurlöndunum er fólk metið inn í nám miðað við stöðumat og við erum nú að feta okkur hægt en örugglega inn í þennan farveg, segir Þórunn.

Það er því mikilvægt að stéttarfélagin standi vörð um að fólk fái tækifæri til frekari menntunar miðað við reynslu og færni sem fólk hefur aflað sér með margra ára vinnu og símenntun. Þetta er eitt af stóru jafnréttismálum okkar - að fólk á vinnumarkaði njóti þess að víðtæk þekking þess og reynsla sé metin við upphaf náms, segir Þórunn.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Er HREINT hjá þínu fyrirtæki? Hreint býður upp á ókeypis ráðgjöf

Hreint ehf. var stofnað árið 1983 og er eitt elsta og stærsta ráðgjafar fyrirtæki landsins.



Auðbrekku 8, 200 Kópavogi, sími 554 6088, hreint@hreint.is, www.hreint.is

Hvað veist þú um áfengi?


Kynntu þér málið í upplýsingabæklingi
Lýðheilsustöðvar eða
á lydheilsustod.is



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Óheimilt er að selja, veita
eða afhenda áfengi heim
sem eru yngri en 20 ára

Hvað veist þú
um áfengi?



Það eru **geðveikt** góðir englar á meðal okkar

Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans sameinast nú um að styrkja samtök sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum. Fjórdi hver Íslendingur á við geðræn vandamál að stríða einhverntíma á ævinni en með rétttri meðhöndlun og stuðningi eru yfirgnæfandi líkur á að fólk nái bata.

Við bjóðum viðskiptavinum Sparisjóðsins að velja eitt af þeim átta félögum sem við höfum ákveðið að styrkja í ár. Þá mun Sparisjóðurinn greiða 1000 kr. fyrir hvern viðskiptavin sem tekur þátt. Auk þess geta allir, viðskiptavinir og aðrir, lagt málefninu lið og bætt við upphæð að eigin vali. Farðu inn á www.spv.is eða komdu í næsta Sparisjóð og gefðu þinn styrk.

FLYNN/SIA



SPV - Borgartúni 18 - Hraunbæ 119 - Síðumúla 1 - Sími 575 4100 - spv@spv.is

 **SPARISJÓÐURINN**
– fyrir þig og þína